

Sp.

360. Skýrsla

ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979.

I

Inngangur

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 er fjórða árlega heildaráætlunin um lánastarfsemi í landinu sem lögð er fram á Alþingi. Fyrri áætlanir hafa í senn falið í sér stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í lána- og fjárfestingarmálum og beina áætlun um framkvæmdir og lántökur á vegum hins opinbera í tengslum við fjárlagafrumvarpið. Skýrslan, sem hér er lögð fram, fylgir þessari venju, en segja má að í henni sé lögð ríkari áhersla en áður á fjárfestingarstjórn og er það í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Hér er því ekki síður um fjárfestingaráætlun en lánsfjáráætlun að ræða.

Ríkisstjórnin telur það meðal brýnustu verkefna á sviði efnahagsmála að tryggja hæfileg fjárfestingarumsvif í landinu og greiðsluafgang á fjárlögum ríkisins en hvort tveggja er nauðsynlegt til þess að draga úr verðbólgu og koma í veg fyrir viðskiptahalla. Í þessari áætlun er mörkuð sú umgjörð fjárfestingar og útlána á þessu ári sem ríkisstjórnin telur hæfilega til þess að ná þessum markmiðum. Auk þess sýnir áætlun þessi uppruna og ráðstöfun lánsfjár og skiptingu þess eftir lánveitendum og lánþegum.

Áætlunin er samin á vegum fjármálaráðuneytisins í samvinnu fjárlaga- og hagsýslustofnunar, Framkvæmdastofnunar ríkisins, Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar. Áætlanir og spár um fjárfestinguna í heild eru gerðar af Þjóðhagsstofnun. Undirbúningsvinna að því er tekur til lánamála er að mestu unnin í hagræðideild Seðlabankans. Efni um ríkisframkvæmdir og fjáröflun til þeirra er unnið í fjárlaga- og hagsýslustofnun. Útlánaáætlanir fjárfestingarlánasjóða eru reistar á efni frá Framkvæmdastofnun ríkisins og Húsnæðismálastofnun ríkisins. Áætlunin er reist á þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar og spá Seðlabanka um þróun greiðslujafnaðar á þessu ári, sem settar voru fram í desember 1978, en þessar spár hafa síðan verið endurskoðaðar samhliða lokafrágangi áætlunarinnar í ljósi gleggri vitneskju um framvinduna 1978.

II

Þjóðhagsleg markmið áætlunarinnar

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin tekur mið af þeirri stefnu sem mörkuð er í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en þar segir meðal annars:

- Stefnt verði að jöfnuði í viðskiptum við útlönd á árinu 1979 og dregið úr erlendum lántökum.
- Mörkuð verði gjörbreytt fjárfestingarstefna. Með samræmdum aðgerðum verði fjárfestingu beint í tæknibúnað, endurskipulagningu og hagræðingu í þjóðfélagslega arðbærum atvinnurekstri. Fjárfesting í landinu verði sett undir stjórn sem marki heildarstefnu í

fjárfestingu og setji samræmdar lánareglur fyrir fjárfestingarsjóðina í samráði við ríkisstjórnina.

Dregið verði úr fjárfestingu á árinu 1979 og heildarfjármunamyndun verði ákveðin takmörk sett.

- Aðhald í ríkisbúskap verði stóraukið og áhersla lögð á jafnvægi í ríkisfjármálum.
- Dregið verði úr verðþenslu með því að takmarka útlán og peningamagn í umferð.

Jafnframt þarf að gæta þess að atvinnuöryggi sé tryggt. Í samræmi við þessa stefnu er nauðsynlegt að halda aukningu þjóðarútgjalda í skefjum og er áhersla lögð á að draga úr fjárfestingarútgjöldum, en mikil fjárfesting er ein af ástæðum verðbólguþróunar undanfarinna ára. Þótt hlutfall fjárfestingar af þjóðarframleiðslu hafi lækkað nokkuð síðustu tvö árin er enn þörf á að draga úr fjárfestingu á þessu ári þannig að hún verði ekki meiri en sem svarar 24-25% af þjóðarframleiðslunni.

Til þess að sinna því tvíþætta verkefni að tryggja hæfileg heildarumsvif í fjárfestingarstarfsemi og beina fjármagninu að þeim verkefnum sem skila mestu í þjóðarþúið geta stjórnvöld beitt ýmsum aðferðum:

Í fyrsta lagi beinum ákvörðunum um fjárfestingu hins opinbera með framkvæmda- og fjármagnsframlögum, hvort sem framkvæmdaféð er fengið með skattheimtu eða lántökum.

Í öðru lagi ákvörðunum um lánskjör bæði hjá bönkum og sparisjóðum og á lánnum til fjárfestingar. Raunhæf vaxtakjör stuðla að auknum innlendum sparnaði og eru þannig forsenda þess að lánsfjárbörf til framkvæmda verði í ríkari mæli en ella mætt með innlendu fé. Lánskjörin þarf einnig að samræma milli lánastofnana.

Í þriðja lagi ráða fjárfestingarstyrkir, framlög ríkisins til fjárfestingarlánasjóða og skattmeðferð fjárfestingarfjár fyrirtækja miklu um fjárfestinguna.

Í fjórða lagi er mikilvægt að gerðar séu strangar og samræmdar kröfur til þjóðhagslegrar arðsemi þeirra framkvæmda sem framlög eða lán eru veitt til, hvort sem þær eru á vegum hins opinbera eða einkaaðila. Einnig er brýnt að erlendar lántökur verði ákveðnar innan ramma heildaráætlunar sem markast af framleiðslugetu þjóðarbúsins og endurgreiðslugetu á komandi árum.

Fjárlögin og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í sameiningu lýsa stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Í einstökum köflum áætlunarinnar verður nánar gerð grein fyrir hverju þessara atriða.

Með markmiðinu um jöfnuð í viðskiptum við útlönd á árinu 1979 er vexti þjóðarútgjalda þröngur stakkur skorinn. Hallalaus utanríkisviðskipti eru hins vegar nauðsynleg forsenda þess að unnt verði að draga úr skuldasöfnun erlendis á næstu árum. Þar sem horfur eru á að viðskiptakjör þjóðarinnar verði lakari á þessu ári en í fyrra felur þetta markmið í sér að halda verður vexti þjóðarútgjalda — og þar með innflutningi — innan þeirra marka sem möguleg útflutningsaukning setur. Í ljósi þess að áframhaldandi aðhald að þorskveiðum er ótvírætt nauðsynlegt, auk þess sem nokkurs aðhalds er þörf við loðnuveiðar, er ekki við því að búast að útflutningsframleiðslan í heild geti aukist um meira en 2-3% á þessu ári. Er þá gert ráð fyrir nokkurri aukningu annarrar útflutningsframleiðslu en sjávarafurða, m. a. á járnblend, en gert er ráð fyrir að járnblendiverksmiðjan taki til starfa á árinu.

Í þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar, sem sett var fram í byrjun desembermánaðar, var gert ráð fyrir 9-10% samdrætti fjármunamyndunar á árinu 1979 og næmi heildarfjárfesting þá

rúmlega 24% af þjóðarframleiðslu, samanborið við tæplega 27% árið 1978, 28,4% árið 1977 og um 30% árið 1976. Áætlunin, sem hér fylgir, er í meginráttum innan þessa ramma, en samdrátturinn er þó minni en í þjóðhagsspánni, eða um 7%. Gætir hér einkum atvinnu-öryggissjónarmiða.

Í þeirri fjárfestingaráætlun sem hér er lögð fram er gert ráð fyrir verulegum samdrætti í fjárfestingarframkvæmdum atvinnuveganna. Annars vegar dregur úr skipakaupum frá fyrra ári og hins vegar verða framkvæmdir við járnblendiverksmiðjuna mun minni á þessu ári en í fyrra. Auk þess má búast við samdrætti í byggingu verslunar- og skrifstofuhúsnæðis á þessu ári og áframhaldandi samdrætti í fjárfestingu í landbúnaði.

Bygging íbúðarhúsa er talin muni verða svipuð á þessu ári og í fyrra. Áætlun þessi gerir ennfremur ráð fyrir samdrætti í framkvæmdum hins opinbera eða um 5% frá fyrra ári að raungildi. Hitaveituf framkvæmdir eru taldar munu dragast saman um 13-14%, enda er ýmsum stórum áföngum þar ýmist lokið eða um það bil að ljúka. Í öðrum greinum opinberra framkvæmda verður samdrátturinn minni og þannig felast í þessari áætlun veruleg umsvif á ýmsum sviðum framkvæmda, sem til framfara horfa, til dæmis á sviði orkumála og samgangna.

Samkvæmt þessari áætlun nemur heildarfjárfesting um 24,5% af þjóðarframleiðslu þessa árs ef erlendi þátturinn í framkvæmdum við álverið er undanskilinn, enda eykur hann ekki erlendar skuldir Íslendinga.

Þótt þeirri stefnu sé fylgt í þessari áætlun, að dregið verði úr fjárfestingu í heild, felur hún jafnframt í sér að fé er beint til framkvæmda í fiskvinnslu og iðnaði, fyrst og fremst til þess að bæta tæknibúnað og framleiðni. Þannig aukast útlán fjárfestingarlánajóða til þessara greina að raunverulegu verðgildi verulega á þessu ári, einkum til fiskvinnslu, og er útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs, sem ríkisstjórnin hefur staðfest og hér er byggt á, við þetta miðuð. Í þessu skyni hefur einnig verið ákveðið að beina innlendu lánsfé, bæði frá lífeyrissjóðum og skyldu- sparnaðarfé ungmenna, til atvinnuveganna.

Í þjóðhagsspánni, sem til var vitnað, var aðeins gert ráð fyrir lítilsháttar aukningu samneyslu, eða um 1%, samanborið við áætlaða 2% aukningu á árinu 1978. Spáin gerði ráð fyrir að þjóðarútgjöld í heild yrðu óbreytt á þessu ári og á forsendum hennar um 9-10% samdrátt fjármunamyndunar var því búist við nokkurri aukningu einkaneyslu, líklega um 1-2% á mann og um 3% í heild. Þannig var í desemberspánni gert ráð fyrir 1—1,5% aukningu þjóðarframleiðslu og -tekna.

Nú er útlit fyrir að aukning þjóðarframleiðslunnar verði um 1,5%, meðal annars vegna heldur meiri fjárfestingarumsvifa en reiknað var með í desemberspánni, en vegna rýrnandi viðskiptakjara — ef svo fer sem nú horfir — yrði aukning þjóðartekna minni og jafnvel engin. Viðskiptakjarahorfur eru nú mjög óvissar, einkum vegna ástandsins í olíuviðskiptum í heim- inum.

Framan af árinu 1978 fór verðbólga vaxandi. Í febrúar 1978 var vísitala framfærslu- kostnaðar 37% hærrí en á sama tíma árið áður en í ágúst var árshækkunin komin upp í nær 52%, eða nær jafnmikil og hún varð mest á árinu 1975. Með niðurfærsluráðstöfununum í september var mjög dregið úr hækkun framfærsluvísitölunnar frá ágúst til nóvember en þrátt fyrir þessar aðgerðir var hækkunin um 6% og tólf mánaða hækkun frá nóvember 1977 um 47%. Verðbreytingar í nóvember og desember voru heldur minni 1978 en 1977, meðal annars vegna aukinna niðurgreiðslna í desember, og var árshækkun vísitölu framfærslukostnaðar komin niður í 38% í lok ársins. Meðalhækkun milli áráanna 1977 og 1978 var um 44% en var 30% milli áráanna 1976 og 1977. Áætlað er að við lok síðasta árs hafi vísitala framfærslu- kostnaðar verið um 15% hærrí en að meðaltali á árinu öllu. Í þessari tölu gætir verulegra áhrifa niðurfærslu verðlags í september og desember; að þeim frátöldum var vísitalan um áramót rúmlega 20% hærrí en ársmeðaltalið.

Í forsendum þjóðhagsspár fyrir árið 1979 er miðað við að neysluvöruverð hækki um 33% að meðaltali á þessu ári og um 30% frá upphafi til loka ársins. Þetta fæli í sér umtalsverða

verðbólguhjöðnun á þessu ári. Sá árangur næst þó ekki nema fylgt verði þeirri stefnu í kauplags- og verðlagsmálum að hækkun peningalauna verði minni en fylgir óbreyttu kerfi vísitölubindingar launa. Þessu yrði einnig að fylgja strangt aðhald í verðlagsmálum. Á sömu forsendum er fjárfestingar- og lánsfjáráætlun þessa árs miðuð við 34% hækkun byggingarvísitölu.

Til þess að ná því markmiði að draga verulega úr verðbólgu á þessu ári er ekki aðeins nauðsynlegt að móta markvissa stefnu í tekju- og verðlagsmálum. Aðgerðir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum og fjárfestingarmálum eru ekki síður nauðsynlegar. Aðhaldi í ríkisfjármálum er markaður rammi í fjárlögum fyrir árið 1979 og lánsfjáráætlunin mótast af þeirri nauðsyn að útlán og peningamagn í umferð breytist ívið minna en verðhækkun samkvæmt þessari spá. Er þá einkum nauðsynlegt að hafa hemil á peningaústreymi úr Seðlabankanum og lántökum erlendis. Í áætluninni er gert ráð fyrir að erlendar lántökur verði takmarkaðar við 39 milljarða króna á þessu ári og miðist við að mæta afborgunum erlendra lána og nauðsyn þess að bæta gjaldeyrisstöðuna. Á þessu ári og næstu árum er nauðsynlegt að greiða niður að verulegu leyti gjaldeyrislán sem Ísland fékk hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á erfiðleikaárunum 1974 og 1975. Brýnt er að þessi lán verði greidd nú, þegar bærilega árar, til þess að eiga á ný aðgang að þeim þegar á móti kann að blása. Lántökur á næstu árum verður að miða við að greiðslubyrði erlendra lána fari ekki upp fyrir 14-15% af gjaldeyristekjum og verði þó helst lægri til jafnaðar. Þrátt fyrir að nokkuð hafi hægt á skuldaaukningunni erlendis á árinu 1978 er engu að síður ljóst að greiðslubyrðin kann að þyngjast á næstu árum, jafnvel þótt útflutningstekjur aukist jafnt og þétt, hvað þá ef afturkippur kæmi af einhverjum sökum í útflutningstekjur.

Um leið og þessi skýrsla um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 er lögð fram á Alþingi er flutt stjórnarfrumvarp til laga um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1979. Tilgangur þessa frumvarps er að gefa áætluninni og fjárfestingaráformunum, sem hún lýsir, meiri festu. Efni frumvarpsins er tvíþætt. Annars vegar fjallar það um ráðstafanir á innlenda lánamarkaðnum til þess að tryggja fjáröflun fjárfestingarlánasjóða. Hins vegar felur frumvarpið í sér heildaráætlun um lántökur erlendis til allra opinberra framkvæmda, hvort sem þær eru á vegum ríkisins eins eða sveitarfélaga, og til fjárfestingarlánasjóða. Fram úr þessari áætlun má ekki fara á þessu ári ef takast á að lækka skuldir þjóðarinnar út á við á næstu árum.

III

Opinberar framkvæmdir

Í þessum kafla er fjallað um áætlaðar framkvæmdir á vegum ríkisins (og þar með ríkisfyrirtækja) á árinu 1979. Fjallað er um fjárþörf til þessara framkvæmda og til einstakra framkvæmda á vegum sveitarfélaga, þar sem áætlað er að hlutaðeigandi aðilar fái aðgang að fjármagni, innlendu eða erlendu, sem hið opinbera hefur stjórn á.

Þá er tilgreind fjárþörf vegna skuldagreiðslna og önnur lántökuþörf á árinu 1979. Loks er gerð grein fyrir fjáröflun til þessara þarfa, bæði fjárveitingum á fjárlögum, fjáröflun sveitarfélaga og samtaka svo og á lánsfjáráætlun. Í töfluviðauka eru sýndar sundurliðaðar áætlanir um einstaka framkvæmdaliði, bæði hvað snertir ráðstöfun og fjáröflun.

Yfirlit um heildarframkvæmdir hins opinbera

Heildarframkvæmdir á vegum hins opinbera nema 59 297 milljónum króna á áætluðu verðlagi ársins 1979. Sú upphæð er 32,5% af áætlaðri heildarfjármunamyndun 1979. Framkvæmdirnar skiptast sem hér segir:

	Áætlun 1978	Lánsfjáráætlun	Hlutfallsleg breyting ¹⁾	
	m. kr. (verðlag 1978)	m. kr. (verðlag 1979)	I	II
1. Rafvirkjanir og rafveitur	13 600	17 739	30,4	-2,7
2. Hita- og vatnsveitur	8 000	9 260	15,8	-13,6
3. Samgöngumannvirki	15 500	20 512	32,3	-1,2
4. Byggingar hins opinbera	9 500	11 786	24,1	-7,4
Samtals	46 600	59 297	27,2	-5,0

1) I — Breyting fjárhæðar á verðlagi hvers árs

II — Breyting á föstu verðlagi miðað við 34% verðhækkun milli ára

Í þessari áætlun felst um 5% samdráttur í opinberum framkvæmdum frá 1978 til 1979 og er þá reiknað með 34% meðalhækkun framkvæmdakostnaðar milli ára. Til samanburðar er þess að geta að áætlanir og spár benda til um 7% samdráttar í heildarfjárfestingu 1979.

Auk fjármögnunar á opinberum framkvæmdum er þörf fjármagns til skuldagreiðslna og annarra viðfangsefna. Í töflunni hér að neðan er sýnd heildarfjárbörf og -fjáröflun. Í töfluviðauka er að finna frekari sundurliðun framkvæmda.

	Áætlaðar framkvæmdir	Skulda- greiðslur	Önnur láns- fjárbörf	Samtals
Fjárbörf (í m. kr.)				
1. Raforkuver og rafveitur	17 739	1 250	—	18 989
2. Hita- og vatnsveitur	9 260	—	—	9 260
3. Samgöngumannvirki	20 512	1 081	—	21 593
4. Byggingar hins opinbera	11 786	640	—	12 426
Annað	—	—	1 300	1 300 ¹⁾
Samtals	59 297	2 971	1 300	63 568

	Fjáröflun			Samtals
	Fjárveiting á fjárlögum	sveitarfélaga og fyrirtækja	Lánsfjár- áætlun 1979	
Fjáröflun (í m. kr.)				
1. Raforkuver og rafveitur	1 950	2 510	14 529	18 989
2. Hita- og vatnsveitur	65	5 535	3 660	9 260
3. Samgöngumannvirki	7 388	7 674	6 531	21 593
4. Byggingar hins opinbera	7 906	2 780	1 740	12 426
Annað	—	—	1 300	1 300 ¹⁾
Samtals	17 309	18 499	27 760	63 568

¹⁾ Þ. e. 600 m. kr. vegna hlutafjárframlags ríkissjóðs í Íslenska járnblendifélaginu hf. og 700 m. kr. lántaka til Lánsjóðs ísl. námsmanna.

Áætlunin miðast við að heildarlántökur til opinberra framkvæmda á lánsfjáráætlun 1979 nemi alls 27 760 m. kr., samanborið við bráðabirgðatölur um lántökur á árinu 1978 að fjárhæð 26 199 m. kr. Hér er um að ræða verulega lækkun að raunverulegu verðgildi. Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1978 voru hins vegar aðeins áætlaðar lántökur að fjárhæð 15 519 m. kr. til opinberra framkvæmda og tekin lán fóru því um 10,7 milljarða króna fram úr áætlun.

Áætluð lánsfjárbörf ríkissjóðs hefur tekið nokkrum breytingum frá því fjárlagafrumvarp ársins 1979 var lagt fram. Í eftirfarandi töflu er lánsfjárbörfin sýnd m. v. fjárlagafrumvarp, fjárlög og lánsfjáráætlun. Að einstökum liðum lánsfjáráætlunar er vikið í greinargerðinni hér á eftir.

Lánsfjárbörf ríkissjóðs og fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs 1979
Í millj. kr.

	Fjárlaga- frumvarp 1979	Fjárlög 1979	Lánsfjár- áætlun 1979
1. A-hluti fjárlaga			
Pjóðarbókhlaða	200	75	200
Vegagerð	2 660	2 660	3 130
Landshafnir	100	150	150
Flugöryggistæki	-	200	200
Laxastigi við Laxárvirkjun	-	-	60
Hafnargerð við Grundartanga	230	230	230
Landsvirkjun, eigin fjárframlag	180	180	180
Járnblendifélagið, hlutafjárframlag	680	536	600
A-hluti samtals	4 050	4 031	4 750
2. B-hluti fjárlaga			
Lánasjóður isl. námsmanna	-	-	700
Flugmálastjórn	-	-	160
RARIK, almennar framkvæmdir	1 608	1 723	1 957 ¹⁾
RARIK, vegna Vestmannaeyjastrengs	290	290	290
RARIK, vegna skuldgreiðslna	-	600	600
Bessastaðárvirkjun	-	-	600
Sveitarafvæðing	130	200	200
Byggðalínur	1 853	1 853	2 207
Krófluvirkjun	-	-	270
Jarðvarmaveitur ríkisins vegna Kísiliðju	-	-	250
Jarðboranir ríkisins	-	-	200
Lyfjaverslun ríkisins	-	-	180
Borgartún 6	-	-	460
Orkusjóður vegna Orkubús Vestfjarða	-	-	360
Orkusjóður vegna styrkingar dreifikerfa í sveitum	-	-	225
Póstur og sími vegna jarðstöðvar o. fl.	1 364	964	1 260
Póstur og sími vegna vörkaupalána	-	400	400
Póstur og sími vegna skuldgreiðslna	-	485	485
Endurlán vegna Grundartangahafnar	176	176	176
B-hluti samtals	5 421	6 691	10 980
Samtals A- og B-hluti	9 471	10 722	15 730
3. Fyrirtæki með eignaraðild ríkisins			
Landsvirkjun	7 196	8 600	6 500
Orkubú Vestfjarða	360	360	465
Samtals	7 556	8 960	6 965
Alls (1+2+3)	17 027	19 682	22 695

¹⁾ Við framkvæmdir RARIK bætist 225 m.kr. lántaka Orkusjóðs vegna styrkingar dreifikerfa í sveitum.

A-hluti fjárlaga

Þjóðarbókhlaða. Gert er ráð fyrir 200 m. kr. lántöku til áframhaldandi framkvæmda við Þjóðarbókhlaðu. Afgangur fjárveitinga fyrri ára nemur 32 m. kr. og nemur því heildarframkvæmdafé 232 m. kr.

Vegagerð. Heildarútgjöld til vegamála eru áætluð alls 13 098 m. kr. Lánsfjáröflun til Vegagerðar er ráðgerð 3 130 m. kr. eða 470 m. kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum, þar af renna 130 m. kr. til greiðslu skulda vegna viðhalds á árinu 1978 og 3 000 m. kr. til vegagerðar á árinu 1979.

Landshafnir. Samtals er gert ráð fyrir 150 m. kr. lánsfjáröflun til framkvæmda við landshafnir. Til framkvæmda við höfnina á Rifi fara 50 m. kr. og til Njarðvíkurhafnar fara 100 m. kr. Framlag til Njarðvíkurhafnar hækkar um 50 m. kr. frá fjárlagafrumvarpi.

Flugöryggistæki. Ráðgerð er 200 m. kr. erlend lántaka vegna kaupa á flugöryggistækjum og er það breyting frá fjárlagafrumvarpi.

Laxastigi við Laxárvirkjun. Sú lántaka sem hér um ræðir er til áframhaldandi framkvæmda á laxastiga við Laxárvirkjun. Í lánsfjáraætlunum árin 1977 og 1978 var varið samtals 115 m. kr. til þessara framkvæmda.

Hafnargerð við Grundartanga. Heildarkostnaður við Grundartangahöfn er áætlaður 906 m. kr. Kostnaður þessi skiptist í sömu hlutföllum og gildir um almenna hafnargerð, þ. e. 75% ríki og 25% sveitarfélög. Heildarkostnaður ríkissjóðs er því 680 m. kr. og sveitarfélaga 226 m. kr. Eftirstöðvar af kostnaðarhluta ríkissjóðs er 230 m. kr. og hlutur sveitarfélaga er 176 m. kr. eins og kemur fram í yfirliti um lánsfjáröflun til B-hluta. Heildarfjárbörf á árinu 1979 nemur því alls 406 m. kr. Þar af hefur þegar verið framkvæmt fyrir um 306 m. kr.

Landsvirkjun. Fyrirhugað er að afla 180 m. kr. lánsfjár til að inna af hendi framlag ríkissjóðs til Landsvirkjunar 1979 vegna aukins eiginfjár stofnunarinnar. Mótframlag Reykjavíkurborgar nemur sömu fjárhæð.

Járnblendifélagið, hlutafjárframlag. Lánsfjáröflun vegna hlutafjárframlags ríkissjóðs í Íslenska járnblendifélaginu hf. nemur alls 600 m. kr. eða 64 m. kr. hærri fjárhæð en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Hækkun lánsfjáröflunarinnar frá fjárlögum stafar af breyttum gengisforsendum. Fjárhæðin er miðuð við að ríkissjóður inni af hendi eftirstöðvar umsaminnar greiðslu hlutafjár vegna ársins 1978 en að umsamið hlutafjárframlag ársins 1979 greiðist fyrst á árinu 1980.

B-hluti fjárlaga

Lánasjóður ísl. námsmanna. Ákveðið er að afla 700 m. kr. lánsfjár til þess að sjóðurinn geti uppfyllt gildandi reglur um lánveitingar allt að 85% umframfjárþarfar lántakenda. Sjóðnum er ætlað að taka umrætt lán og annast skil vaxta og afborgana. Þar sem útlán sjóðsins hafa verið verðtryggð er gert ráð fyrir að eiginfjárstaða sjóðsins styrkist í framtíðinni og geri sjóðnum kleift að standa undir auknu lánsfjármagni.

Flugmálastjórn. Ráðgerð er 160 m. kr. erlend lántaka vegna kaupa flugmálastjórnar á nýrri flugvél til stofnunarinnar.

RARIK, almennar framkvæmdir. Sundurliðun á framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins er sýnd í töflu 6 í töfluviðauka. Lántökur vegna almennra framkvæmda RARIK eru áformaðar 2 182 m. kr., þar af eru 225 m. kr. vegna styrkingar dreifikerfa í sveitum. Auk þess nemur framlag úr Orkusjóði til styrkingar dreifikerfa í sveitum 200 m. kr. og tekjur af heimtaugargjöldum eru áætlaðar 90 m. kr. Þannig verða 2 472 m. kr. til ráðstöfunar til þessara framkvæmda.

RARIK, vegna Vestmannaeyjastrengs. Á árinu 1978 var tekið bráðabirgðalán til greiðslu kostnaðar við lagningu sæstrengs til Vestmannaeyja. Jafnframt var ákveðið að leitað skyldi lánsfjár á lánsfjáráætlun 1979 til greiðslu lánsins.

RARIK, vegna skuldagreiðslna. Til þess að leysa úr þeim fjárhagsörðugleikum sem nú steðja að RARIK er ákveðið að taka 600 m. kr. lán. Lánsfjáröflunin er til þess ætluð að fyrirtækið geti m. a. endurgreitt Landsbanka Íslands 200 m. kr. lán frá árinu 1977. Ríkissjóður mun á næstu fimm árum leggja RARIK til árlega 120 m. kr. til endurgreiðslu lánsins en að öðru leyti annast fyrirtækið greiðslur vaxta og afborgana.

Bessastaðarárvirkjun. Til Bessastaðarárvirkjunar er áformað að afla 600 m. kr. lánsfjár. Gert er ráð fyrir að áætlanagerð og undirbúningi vegna virkjunarinnar ljúki á þessu ári. Hvenær ráðist verður í framkvæmdir ræðst af því hvenær virkjunin telst hagkvæm í heildarskipulagi orkumála landsins, þar með talin öryggissjónarmið.

Sveitarafvæðing. Áætluð er 200 m. kr. lántaka vegna sveitarafvæðingar og er það 70 m. kr. hærri fjárhæð en í fjárlagafrumvarpi.

Byggðalínur. Ráðgerð er 2 207 m. kr. lántaka vegna byggðalína og er það nokkru hærri fjárhæð en í fjárlagafrumvarpi og fjárlögum. Veigamesta verkefni ársins 1979 er bygging Vesturlínu og renna til þeirrar framkvæmdar alls 1 549 m. kr. Miðað er við að Vesturlína verði tengd samveitusvæði Mjólkárviðveitunar á árinu 1980 og er Rafmagnsveitum ríkisins heimilað að panta efni á árinu 1979 vegna framkvæmda 1980 svo að það verði unnt.

Í lánsfjáráætlun fyrir 1978 aflaði ríkissjóður lánsfjár vegna fjármagnsútgjalda af byggðalínunum. Í fjárlögum er horfið frá þessari tilhögun en Byggðasjóði falið að annast lántöku vegna greiðslu vaxta og afborgana, alls 1 480 m. kr.

Kröfluvirkjun. Frekari framkvæmdum við Kröfluvirkjun verður slegið á frest og eingöngu fylgst með þróun svæðisins næstu tvö árin. Lánsfé vegna Kröfluvirkjunar verður í samræmi við þetta 270 m. kr. 1979. Af þessari fjárhæð er heimilt að verja 150 m. kr. til þess að standa undir útgjöldum vegna gæslu við virkjunina og 120 m. kr. til rannsókna á Kröflusvæðinu. Fjárveiting til rannsókna er einkum við það miðuð að afla frekari vitneskju um jarðhitasvæði í suðurhlíðum Kröflu.

Fjármagnsútgjöld Kröfluvirkjunar greiðast af Orkusjóði með beinni fjárveitingu úr ríkissjóði, alls 2 380 m. kr.

Jarðvarmaveitur ríkisins vegna Kísiliðju. Vegna jarðhræringa í Mývatnssveit hafa borholur skemmst þannig að gufuöflun til Kísiliðju hvílir nú að mestu á einni holu. Til að tryggja gufuöflun þykir óhjákvæmilegt að veita 250 m. kr. til borunarframkvæmda.

Jarðboranir ríkisins. Lánsfjár að upphæð 200 m. kr. mun verða leitað vegna kaupa stofnunarinnar á steypudælu. Tæki þetta er fyrst og fremst notað við fóðrun borhola á háhitasvæðum.

Lyfjaverslun ríkisins. Að undanfögnu hefur farið fram endurskipulagning á starfsemi Lyfjaverslunar ríkisins. Liður í þessu verki er endurnýjun vélakosts fyrirtækisins til framleiðslu lyfja. Lánsfjár að fjárhæð 180 m. kr. mun verða leitað til að standa undir nauðsynlegum útgjöldum.

Borgartún 6. Árið 1975 festi ríkissjóður kaup á húseigninni Borgartún 6. Unnið er að gagngerum endurbótum á húsinu og til þess hefur verið aflað skammtímalána. Lántaka á lánsfjáráætlun, alls 460 m. kr., er til greiðslu afborgana til fyrri eigenda og til annarra skuldagreiðslna vegna hússins.

Orkusjóður. Við stofnun Orkubús Vestfjarða fóru fram skil milli Orkubúsins og RARIK vegna áhvílandi skulda á dreifikerfi og rafstöðvum á Vestfjörðum. Áætlaðar afborganir og vextir af áðurgreindum lánnum, sem falla á Orkusjóð, eru 360 m. kr.

Orkusjóður vegna dreifikerfa í sveitum. Fjárveiting á fjárlögum til styrkingar dreifikerfa í sveitum nemur alls 220 m. kr. Auk þess er áformað að afla lánsfjár, alls 225 m. kr., til þessa verkefnis þannig að heildarráðstöfunarfé nemur 445 m. kr. Þar af renna 20 m.kr. til Orkubús Vestfjarða og 425 m.kr. til framkvæmda á vegum Rafmagnsveitna ríkisins.

Póstur og sími vegna jarðstöðvar o. fl. Áætlun um 1 260 m. kr. lánsfjáröflun er 296 m. kr. hækkun frá fjárlögum og er sú hækkun eingöngu vegna annarra gengis- og verðlagsforsendna í lánsfjáráætlun en í fjárlögum. Lántökuheimild til byggingar jarðstöðvar var veitt með lögum nr. 120/1978 og miðaðist við fjárþörf áður en upphaflegri framkvæmdaáætlun var breytt við afgreiðslu fjárlaga. Þar var dregið úr upphaflegum framkvæmdaáformum um 400 m. kr.

Póstur og sími vegna vörukaupalána. Á liðnum árum hefur Póstur og sími jafnan tekið nokkur vörukaupalán í tengslum við ýmsar framkvæmdir. Nú eru þessi lán talin í lánsfjáráætlun í fyrsta sinn, alls 400 m. kr. Áætlun um heildarframkvæmdir á árinu 1979 nema alls 2 385 m. kr., þar af lántökur 400 m. kr.

Póstur og sími vegna skuldagreiðslna. Á undanfögnu árum hafa myndast skuldir hjá Pósti og síma vegna rekstrarhalla. Nú er ákveðið að afla á lánsfjáráætlun 485 m. kr. til þess að bæta greiðslustöðu fyrirtækisins.

Endurlán vegna Grundartangahafnar. Eins og að framan greinir mun ríkið annast lánsfjáröflun vegna hlutar viðkomandi sveitarfélaga við þessa hafnargerð. Eftirstöðvar eru áætlaðar 176 m. kr. og koma til greiðslu á árinu 1979, eða óbreytt frá fjárlagafrumvarpi.

Fyrirtæki með eignaraðild ríkisins

Landsvirkjun. Framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar eru áformaðar alls 7 230 m. kr. á árinu 1979 og verður 4 860 m. kr. varið til áframhaldandi framkvæmda við Hrauneyjarfoss. Hefur þá verulega verið dregið úr framkvæmdaáætlunum þeim sem áður giltu. Þrátt fyrir minni verkhraða 1979 en áður var áformaður er að því stefnt að virkjuninni megi ljúka haustið 1981. Til lokaframkvæmda við Sigöldu er fyrirhugað að verja 674 m. kr. Til rannsókna og til ýmissa annarra framkvæmda renna samtals 397 m. kr. Vaxtagreiðslur á árinu 1979 eru áætlaðar alls 1 299 m. kr.

Fjármögnun framkvæmda Landsvirkjunar er þríþætt. Í fyrsta lagi erlendrar lántökur, alls 6 500 m. kr. Í öðru lagi 550 m. kr. eigið fé fyrirtækisins og loks 180 m. kr. eiginfjárframlag ríkissjóðs.

Orkubú Vestfjarða. Í fjárlagafrumvarpi var lánsfjáröflun vegna Orkubús Vestfjarða talin til B-hluta fjárlaga. Réttara þykir að bókfæra lánsfjármagnaðar framkvæmdir fyrirtækisins á hliðstæðan hátt og hjá Landsvirkjun.

Sundurliðun á lánsfjármögnuðum framkvæmdum Orkubúsins er að finna í töflu 8 í töfluviðauka. Samtals er ráðgerð 465 m. kr. lánsfjáröflun, þar af 400 m. kr. til raforkuframkvæmda og 65 m. kr. til fjarvarmaveitu Ísafjarðar. Lánsfjáröflun til raforkuframkvæmda er 40 m. kr. hærri en í fjárlagafrumvarpi og er það vegna nauðsynlegrar aukningar á dísilstöðvum.

Aðrar lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir

Í lánsfjáráætlun 1979 er áformað að heimila erlendar lántökur til hitaveituf framkvæmda sveitarfélaga að fjárhæð 3 145 m. kr., sbr. töflu 2 í töfluviðauka. Stærsta verkefnið á þessu sviði eru áframhaldandi framkvæmdir við Hitaveitu Akureyrar, eða alls 1 800 m. kr., en til annarra hitaveituf framkvæmda á vegum sveitarfélaga verður aflað alls 1 345 m. kr. Fjármögnun þessara framkvæmda verður einnig innlend, bæði úr Lánasjóði sveitarfélaga, Orkusjóði og eigin sjóðum sveitarfélaga og fyrirtækjanna. Lánveitingar eða ábyrgðir af ríkisins hálfu verða ekki veittar til einstakra hitaveitna fyrir en iðnaðarráðherra hefur veitt einkaleyfi til reksturs og skilyrðum orkulaga um einkaleyfisveitingu er fullnægt. Í orkulögum nr. 58/1967 segir að einkaleyfisumsókn skuli fylgja fullnægjandi uppdrættir af fyrirhugaðri hitaveitu, kostnaðaráætlun og rekstraráætlun. Einkaleyfi skal því aðeins veitt að ráðherra telji, að fengnu álitni Orkustofnunar, að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega rétt, hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki, fullnægi hitaþörf svæðisins og að tryggður sé eðlilegur og truflanalaus rekstur, eftir því sem aðstæður leyfa.

Í áætlun þessari er sýnd erlend lántaka vegna framkvæmda sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra. Áformuð lánsfjáröflun til Rafmagnsveitu Reykjavíkur er 680 m. kr. og til Reykjavíkurhafnar 340 m. kr. Lántökur til ýmissa framkvæmda sveitarfélaga nema alls 900 m. kr., þar af 245 m. kr. vegna fjárhagsvanda Vestmannaeyjakaupstaðar í samræmi við tillögur úttektarnefndar þeirrar er um málið fjallaði, 340 m. kr. vegna sorpeyðingarstöðvar á Suðurnesjum og 315 m. kr. vegna annarra verkefna.

Fjáröflun

Í töflu 5 í töfluviðauka er heildarlánsfjáröflun hins opinbera á lánsfjáráætlun sundurgreind. Lántökur alls nema 27 760 m. kr. en eru áætlaðar 26 199 m. kr. 1978. Lántaka ársins 1979 skiptist þannig að innlend lántaka nemur alls 5 175 m. kr. og erlend lántaka 22 585 m. kr.

Í töflunni hér að neðan eru sýndar fyrirhugaðar lántökur vegna A- og B-hluta fjárlaga. Heildarlánsfjáröflun er 15 730 m. kr., þar af eru 4 200 m. kr. útgáfa spariskírteina og happdrættisbréfa, 975 m. kr. endurgreiðsla eldri spariskírteina og 10 555 m. kr. erlend lántaka. Heimildar til erlendar lántöku vegna ríkisframkvæmda og annarra opinberra framkvæmda verður leitað í sérstöku lagafrumvarpi.

Lánsfjáröflun A- og B-hluta ríkissjóðs
Í m.kr.

	Erlend lán	Innlend lán	Samtals
I Skipting eftir ráðstöfun			
A-hluti fjárlaga			
Þjóðarþókkhláða	–	200	200
Vegagerð	930	2 200	3 130
Landshafnir	150	–	150
Flugöryggistæki	200	–	200
Laxastigi við Laxárvirkjun	–	60	60
Hafnargerð við Grundartanga	230	–	230
Landsvirkjun, eigið fjárframlag	–	180	180
Járnblendifélagið, hlutafjárframlag	600	–	600
Samtals	2 110	2 640	4 750
B-hluti fjárlaga			
Lánasjóður ísl. námsmanna	–	700	700
Flugmálastjórn	160	–	160
RARIK, almennar framkvæmdir	1 957	–	1 957
RARIK vegna Vestmannaeyjastrengs	–	290	290
RARIK vegna skuldagreiðslu	–	600	600
Bessastaðárvirkjun	600	–	600
Sveitarafvæðing	200	–	200
Byggðalínur	2 207	–	2 207
Kröfluvirkjun	270	–	270
Jarðvarmaveitur ríkisins	250	–	250
Jarðboranir ríkisins	200	–	200
Lyfjaverslun ríkisins	180	–	180
Borgartún 6	–	460	460
Orkusjóður vegna Orkubús Vestfjarða	360	–	360
Orkusjóður vegna styrkingar dreifikerfa í sveitum	225	–	225
Póstur og sími			
vegna jarðstöðvar	1 260	–	1 260
vegna vörukaupalána	400	–	400
vegna skuldagreiðslna	–	485	485
Endurlán vegna Grundatangahafnar	176	–	176
Samtals	8 445	2 535	10 980
Samtals A- og B-hluti	10 555	5 175	15 730
II Skipting eftir uppruna			
Verðbréfaútgáfa			4 200
Innheimt af endurlánuðu spariskirteinafé			975
Erlendar lántökur			10 555
			15 730

IV

Fjárfestingarlánasjóðir

Fjárfestingarlánasjóðirnir gegna veigamiklu hlutverki við framkvæmd stefnunnar í fjárfestingarmálum. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á mótun samræmdrar heildarstefnu í fjárfestingarmálum sem m. a. tæki til útlánamarkmiða og lánareglna fjárfestingarlánasjóðanna. Sérstök áhersla er lögð á tæknibúnað, endurskipulagningu og hagræðingu í þjóðhagslega arðbærum atvinnurekstri. Fyrir árið 1979 er sett það markmið að dregið verði úr fjárfestingu í heild, og er það aðhald nauðsynlegt skilyrði þess að ná jöfnuði í viðskiptum við

útlönd og draga úr erlendum lántökum. Með þessi markmið í huga er því nauðsynlegt að líta bæði til heildarumsvifa fjárfestingarlánasjóðanna og til lánveitinga einstakra sjóða, að tiltölu við fjárfestingarhlutverk þeirra. Jafnframt eru lánveitingar fjárfestingarlánasjóða veigamikill hluti heildarútlána og peningastreymis inn í þjóðarþúskaðinn og ber því nauðsyn til að skoða breytingu fjárfestingar á vegum sjóðanna að tiltölu við fyrri ár.

Við setningu útlánamarkmiða fjárfestingarlánasjóða er tekið mið af spá um fjármunamyndun sem er veigamikill þáttur í þjóðhagsspá þessa árs. Sé litið á heildarfjárhæðir fjárfestingar atvinnuvega og íbúðabygginga í samanburði við lánveitingar til þessara flokka þá munu lánveitingar sjóðanna verða 28-29% af fjárfestingu árin 1978 og 1979. Slíkan samanburður verður þó að túlka með varúð, bæði vegna fjárfestingarþátta sem sjóðirnir lána almennt ekki til, svo sem stóriðju, flutningaskipa og flugvéla, og vegna mismunandi tímasetningar fjárfestingar og fjármögnunar, en það á einkum við um fiskiskipakaup. Hlutfallstölur sem þessar veita þó vísbendingu um þátt sjóðanna í stjórn fjárfestingarmála. Hlutföll lánsfjármögnunar sjóðanna eru þó að jafnaði hærri á vettvangi þeirra atvinnugreina sem sjóðirnir lána til, eða til dæmis um 50-60% í sjávarútvegi að meðtalinni vinnslu sjávarafurða og milli 35 og 40% í almennum iðnaði.

Metið eftir starfsvettvangi fjárfestingarlánasjóðanna koma fram litlar breytingar á heildina litið, en talsverðar í innbyrðis áherslum. Hlutfall lánveitinga atvinnuvega- og íbúðalánasjóða mun nema 36,7% af samsvarandi fjárfestingu samkvæmt lánsfjáráætlun 1979, í samanburði við 38,4% samkvæmt endurskoðaðri áætlun 1978. Áætlað lánshlutfall 1979 er þó nokkru hærri en hlutfall upphaflegrar lánsfjáráætlunar 1978 sem var um 34%. Í þessum samanburði er Lánasjóði sveitarfélaga sleppt svo og innfluttum fiskiskipum og lánnum til þeirra og útlánnum Byggðasjóðs til opinberra framkvæmda. Samanburður þessi gefur vísbendingu um að útlánaáform muni veita nokkuð strangara aðhald að fjárfestingu en fjárfestingarspáin út af fyrir sig gefur til kynna.

Einkum á þetta við um fjárfestingu atvinnuveganna sem á undanförunum úrum hefur að ýmsu leyti farið út yfir eðlileg mörk þjóðhagslegrar arðsemi. Hlutfall lánveitinga á þessum vettvangi er áætlað um 43,2% 1979 á móti 46% 1978, með þeim undantekningum sem á framan greinir. Þrátt fyrir aðhald, sem í þessu felst, verður svigrúm til þess að beina fé í auknum mæli til framkvæmda í fiskvinnslu og iðnaði til þess að bæta tæknibúnað og framleiðni. Hefur lánsfé til Fiskveiðasjóðs verið aukið sérstaklega í þessu skyni svo að hann geti annað 2 000 m. kr. lánnum til fiskvinnslu, auk sérstaks framlags, 1 200 m. kr. af gengis- munareikningi, til hagræðingarlána, eða alls 3 200 m. kr. til fiskvinnslu á vegum Fiskveiðasjóðs. Byggðasjóði mun aflað sérstaks lánsfjár, 900 m. kr., frá Framkvæmdasjóði til að bæta stöðu sjávarútvegsfyrirtækja. Jafnframt beiti ríkisstjórnin sér fyrir því að Byggðasjóður láni af öðru fé sínu a. m. k. 1 000 m. kr. til fiskvinnslu á árinu 1979. Úthlutun þessa fjár, sem alls nemur þannig 5 100 m. kr., miðist við það að greiða fyrir rekstri og stuðla að framförum þar sem ástandið er erfiðast. Þessi lánsfjáráætlun felur í sér að útlán fjárfestingarlánasjóða til fiskvinnslu 1979 munu verða meira en tvöfalt hærri að krónutölu en 1978. Þá er áformað að Framkvæmdasjóður útvegi Byggðasjóði 200 m. kr. til þess að breyta lausaskuldum bænda í löng lán.

Í því skyni að tryggja skipasmíðastöðvunum verkefni mun ríkisstjórnin beita sér fyrir erlendri lántöku Framkvæmdasjóðs og annarri fjárútleitu þannig að Framkvæmdasjóður geti lánað sérstaklega 1 250 m. kr. til skipasmíðaverkefna á árinu 1979. Þessu fé verður ráðstafað með samþykki iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra. Lánveiting þessi er háð samkomulagi við launþegasamtökin um kaup skuldabréfa af Framkvæmdasjóði og Byggingarsjóði ríkisins. Þetta fé komi til viðbótar venjulegri fyrirgreiðslu Fiskveiðasjóðs og annarra sjóða við fiskiskipasmíði innanlands, sem áætluð er 2 700 m. kr., og venjulegu lánsfé til viðgerða á fiskiskipum innanlands úr Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði.

Ráðgert er að innlendum skipasmíðastöðvum verði heimilað að taka erlend bráðabirgðalán á byggingartíma skips, sem Fiskveiðasjóður yfirtaki, og verði lánsupphæðin miðuð við sama hlutfall og Fiskveiðasjóður lánar hverju sinni. Heimildin taki bæði til nýsmíði og meiriháttar breytinga en einungis til stærra skipa, þ. e. togara og nótaskipa. Tímalengd hins erlenda láns skal miðast við það sem almennt tíðkast um útflutningslán með skipum smíðuðum erlendis. Heildarlánveitingar Fiskveiðasjóðs til þessa verkefnis verða ákveðnar síðar, m. a. með tilliti til hagræðingarfjár vegna skipasmíða, og koma til frádráttar samsvarandi lánveitingum sem innifaldar hafa verið í áætlunum Fiskveiðasjóðs og Framkvæmdasjóðs innan marka lánsfjáráætlunar þessa árs.

Ríkisstjórnin getur auk þess, sem fram er sett hér, heimilað Framkvæmdasjóði að taka 1 000 m. kr. sérstaklega að láni á árinu til hagræðingar í undirstöðugreinum atvinnulífsins.

Í fjárfestingarspá er reiknað með svipuðu magni framkvæmda við íbúðabyggingar og árið 1978 og munu útlán íbúðalánasjóða aukast sem svarar áætlaðri hækkun byggingarkostnaðar. Lánveitingar þessara sjóða munu því nema svo til sama hlutfalli af fjárfestingu í íbúðarhúsnæði, tæpum 30% bæði árin. Á móti nokkrum samdrætti almennra íbúðabygginga koma framkvæmdir á félagslegum grundvelli, sem færst hafa í aukana og bera með sér hærra lánahlutfall en almenn íbúðalán, svo og tilfærsla íbúðalána í sveitum frá Stofnlánadeild landbúnaðarins til Byggingarsjóðs ríkisins.

Heimilt er að taka fjáröflun Byggingarsjóðs ríkisins til endurskoðunar á árinu 1979 ef: a) sjóðurinn getur ekki staðið við lögbundnar og venjubundnar skuldbindingar, b) hætta er á að til alvarlegs atvinnuleysis komi í byggingariðnaði.

Heildarlánveitingar fjárfestingarlánasjóða munu verða 37,4 milljarðar króna, sem er 25,8% hækkun frá lánveitingum ársins 1978 (29,7 milljarðar króna), en upphafleg áætlun

Fjárfestingarlánasjóðir: Áætluð útlán og fjármögnun

	Í m.kr.			Breyting frá fyrra ári, %		
	Greiðslu- yfirlit 1977	Bráðab- yfirlit 1978	Lánsfjár- áætlun 1979	Greiðslu- yfirlit 1977	Bráðab- yfirlit 1978	Lánsfjár- áætlun 1979
Útlán (lánveitingar)						
Fjárfestingarlánasjóðir, alls	21 024	30 325	37 391¹⁾	40,9	44,2	23,3
Íbúðalánasjóðir	6 557	9 711	12 925	35,5	48,1	33,1
Par af Byggingarsjóður ríkisins	6 220	9 101	12 125	41,9	46,3	33,2
Atvinnuvegasjóðir	14 467	20 614	24 466	43,5	42,5	18,7
Par af Framkvæmdasjóður	6 357	6 232	14 075	25,0	-2,0	125,9
Bygðasjóður	2 132	2 723	3 925 ¹⁾	33,1	27,7	44,1
Fjármögnun						
Fjárfestingarlánasjóðir, alls	21 024	30 325	37 391¹⁾	40,9	44,2	23,3
Eigin fjármögnun, nettó	1 630	2 680	-1 050
Framlög og markaðir tekjustofnar	8 590	13 112	16 656	49,8	52,6	27,0
Lántökur, brúttó	10 804	14 533	21 785	25,5	34,5	49,9
Lífeyrissjóðir	3 091	6 079	9 365	50,2	96,7	54,1
Bankakerfið	1 699	1 866	1 500	33,4	9,8	-19,6
Skyldusparnaður, brúttó	2 421	4 123	4 900	47,0	70,3	18,9
Atvinnulueysisstryggingasjóður	589	786	2 070	-15,5	33,5	163,4
Önnur innlend lán	110	15	-
Erlend lán	2 894	1 664	3 950 ¹⁾	98,6	-42,5	137,4

1) Undanskilið lán Bygðasjóðs til Orkusjóðs vegna fjármagnsútgjalda byggðalína 1 480 m.kr., fjármagnað með erlendri lántöku, en það er ósambærilegt við ráðstöfun lánsfjár á vegum sjóðanna á undanföllum árum.

Þess árs nam 24,4 milljörðum króna. Er í þeim samanburði sleppt 1 480 m.kr. láni til ríkissjóðs vegna byggðalína árið 1979, en Byggðasjóður hefur milligöngu um það lán, svo og 600 m.kr. láni Framkvæmdasjóðs til ríkissjóðs árið 1978. Hér fer á eftir samandregið yfirlit lánveitinga og fjármögnunar fjárfestingarlánasjóðanna síðustu tvö árin ásamt lánsfjáráætlun 1979. Um sundurliðun á einstaka sjóði vísast til töfluviðauka.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna er í meginatriðum ákveðin með lánsfjáráætlun og fjárlögum, þó þannig að sumir liðir eru um leið áætlunatriði. Fjármögnun hefur fallið nálægt því til helminga annars vegar á eigin fjármögnun og opinber framlög, sem verða eigið fé sjóðanna, og hins vegar á lántökur. Áætlað er að hlutföll þessi raskist nokkuð við það að eigin fjármögnun sjóðanna rýrni verulega og verði jafnvel neikvæð þegar sjóðhreyfingar eru taldar með. Þessi niðurstaða skýrist væntanlega einkum af því, að hinar miklu verðlags- og gengisbreytingar hafi til að byrja með mun meiri áhrif á útgreiddar en móttæknar afborganir sökum mun styttri tekinna en veittra lána á undanförunum árum. Ennfremur mun endurskoðun lánskjara á síðustu árum sökum örari verðbólgu ekki hafa haft svo hagstæð áhrif sem vænta mátti. Framlög hins opinbera og markaðir tekjustofnar til sjóðanna munu aukast úr 44,1% upp í 44,6% fjármögnunar. Áformað er að festa greiðslur framlaga og markaðra tekjustofna á vegum ríkissjóðs við áætlunartölur fjárlaga. Innifalið í framlögum 1979 er hagræðingarfé sjávarútvegsins af gengismunareikningi 1 200 m. kr.

Lántökur til sjóðanna munu aukast upp í 21,8 milljarða króna eða 58% af fjármögnun til samanburðar við 47% 1978. Bæði árin verða lántökurnar að yfirgnæfandi hluta af innlendum uppruna enda þótt nokkur aukning sé áætluð á erlenda hlutanum.

Af innlendum lánnum vega lán lífeyrissjóðanna þyngst og er gert ráð fyrir að þau nemi um 9,4 milljörðum króna á heildina lítið, þar af 8,5 milljörðum til ráðstöfunar fyrir opinbera milligöngu til Byggingarsjóðs ríkisins og Framkvæmdasjóðs. Nemur heildin 35% af áætluðu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna en sá hluti, sem ráðstafað er af hinu opinbera, 31,7%. Nú er einnig kveðið skýrar en áður á um skiptingu fjárens á atvinnuvegasjóði og íbúðalánasjóði. Er samkomulag um að skuldabréfakaup lífeyrissjóða af Byggingarsjóði ríkisins nemi 2 755 m. kr. Gert er ráð fyrir að það fé komi að mestu leyti frá ASÍ-sjóðunum og kemur það allvel heim við 20% markið frá 1974. Til Framkvæmdasjóðs munu þá ganga 5 750 m. kr. Er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir fullnægi kaupskyldu sinni gagnvart þessum tveim sjóðum áður en fé sé ráðstafað til annarra fjárfestingarlánasjóða.

Skyldusparnaðarfé ungmenna mun nú einnig koma til skiptingar milli þessara aðila með þeim hætti að Byggingarsjóður ríkisins láni Framkvæmdasjóði 2 000 m. kr. af þessu fé. Skyldusparnaður í sveitum, 400 m. kr., mun á þessu ári enn ganga til Stofnlánadeildar landbúnaðarins til þess að mæta viðbótarlánunum út á íbúðarhús en er síðan ætlað að ganga til Byggingarsjóðs eins og íbúðalán til sveita. Hlutur Byggingarsjóðs af brúttósparnaði í ár verður því um 2 500 m. kr.

Skuldabréfakaup bankanna af Framkvæmdasjóði, sem fyrir ári voru lækkuð í 5% af ráðstöfunarfé, munu nú lækkuð í 4% og eru áætluð 1 500 m. kr. Skuldabréfakaup Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem mótsvara framlagi ríkissjóðs til sjóðsins, munu sem fyrr ganga að fullu til Byggingarsjóðs, 2 070 m. kr.

Erlend lántaka fjárfestingarlánasjóða, mun aukast verulega frá fyrra ári, einkum af völdum aukinna hagræðingarlána og fyrirgreiðslu við skipasmíðastöðvar. Erlend lántaka Framkvæmdasjóðs er áætluð 3 950 m. kr. Auk þess mun Byggðasjóður hafa milligöngu um útvegum erlends láns vegna fjármagnsútgjalda byggðalína sem eru á vegum hins opinbera og því ekki sambærileg við reglubundið starfssvið fjárfestingarlánasjóða.

Ljóst er að ákvarðanir um lánskjör munu ráða miklu um framgang stefnunnar í fjárfestingarmálum, og er því áformað að marka skýra stefnu í þessu efni sem miði að því að einfalda og samræma öll lánskjör, bæði að því er varðar verðtryggingu og vexti.

Hér að framan hefur í nokkrum atriðum verið vikið að breytingum áætlunarþátta frá

árinu 1978 en í töfluviðauka er sýnd endurskoðuð áætlun fjárfestingarlánasjóða árið 1978 og endanlegt greiðsluyfirlit 1977. Þar sem ýmislegt er enn í deigluinni varðandi uppgjör 1978 er ekki tímabært að leggja fullnaðarmat á útkomu ársins. Ljóst er þó, að niðurstöðunum vikur til verulegrar hækkunar frá upphaflegri áætlun. Hér sem fyrr í hliðstæðum samanburði er sleppt 600 m. kr. láni Framkvæmdasjóðs til ríkissjóðs, svo og jafn háum lántökum á móti.

Í millj. kr.	Lánsfjár- áætlun 1978	Bráðabirgða- yfirlit 1978	Hækkun %
Lánveitingar:			
Íbúðasjóðir	8 255	9 711	17,6
Atvinnuvegasjóðir	16 167	20 014	23,8
Lánveitingar alls = Fjármögnun	24 422	29 725	21,7
Eigin fjármögnun, nettó	2 584	2 680	3,7
Framlög og aðrir tekjustofnar	11 176	13 112	17,3
Lántökur	10 662	13 933	30,7

Sérstakt yfirlit yfir opinbera öflun lánsfjár og ráðstöfun þess á lánsfjáraætlun 1979

Í m.kr.

	Ný áætlun 1978	Lánsfjár- áætlun 1979
Fjáröflun, alls	40 732	51 025
1. Innland fjáröflun til opinberra framkvæmda		
1.1. Verðbréfaútgáfa ríkissjóðs innanlands	3 100	4 200
1.2. Innheimt af endurlánuðu spariskirteinafé ríkissjóðs	2 746	975
3. Önnur innland lán	1 826	–
Samtals	7 672	5 175
2. Innland fjáröflun til fjárfestingarlánasjóða		
2.1. Kaup lífeyrissjóða á bréfum fjárfestingarlánasjóða	6 079	9 365
2.2. Kaup Atvinnuleysistryggingasjóðs á bréfum Byggingarsjóðs ríkisins	786	2 070
2.4. Lán bankakerfis til Framkvæmdasjóðs o. fl.	1 866	1 500
2.5. Skyldusparnaður til Byggingarsjóðs	4 123	2 900
2.6. Skyldusparnaður til Framkvæmdasjóðs	–	2 000
2.7. Annað lánsfé	15	–
Samtals	12 869	17 835
3. Erlend lán		
3.1. Erlend lán vegna opinberra framkvæmda	18 527	22 585
3.2. Erlend lán vegna fjárfestingarlánasjóða	1 664	5 430
Samtals	20 191	28 015

Ráðstöfun lánsfjár, alls	40 732	51 025
1. Opinberar framkvæmdir		
1.1. Framkvæmdir á A-hluta fjárlaga	4 351	4 750
1.2. Framkvæmdir á B-hluta fjárlaga	9 087	10 980
1.3. Landsvirkjun	6 780 ¹⁾	6 500
1.4. Orkubú Vestfjarða	486	465
1.5. Hitaveitur sveitarfélaga	4 236	3 145
1.6. Aðrar opinberar framkvæmdir	1 259	1 920
Samtals	26 199	27 760
2. Fjárfestingarlánasjóðir		
2.1. Framkvæmdasjóður	5 375	13 200
2.2. Íbúðalánasjóðir	6 213	7 325
3.2 Aðrir sjóðir	2 945	2 740
Samtals	14 533	23 265

1) Þar af skammtímalánum breytt í langtímalán 2 730 m.kr., néttóllántaka 4 050 m.kr.

Yfirlit þetta sýnir þá lánsfjáröflun sem ríkið hlutast til um vegna opinberra framkvæmda og opinberra fjárestingalánasjóða, með löggjöf, stjórnarvaldsákvörðunum eða samningum, og ráðstöfun þess fjár í meginatriðum. Yfirlitið svarar nánast til frumvarps þess um lántökuheimildir og aðrar lánsfjárráðstafanir sem flutt er samhliða þessari skýrslu, auk lántökuheimilda sem samþykktar voru með fjárlögum. Yfirlitinu er hins vegar ekki ætlað að sýna alla lánastarfsemi fjárfestingalánasjóðanna eða annarra lánastofnana sem fjallað er um hér á eftir.

V

Bankakerfið

Í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að fylgt verði aðhaldsamri stefnu í peningamálum. Þar á meðal verði útlán bankanna og bindiskylda Seðlabankans ákveðin þannig að peningamagn í umferð verði í samræmi við launastefnuna. Þetta markmið hefur verið sett fram í fyrri lánsfjáráætlunum, en af ýmsum ástæðum hefur þessum áformum ekki verið fylgt fram og síðustu árin hefur þróun peningamála að ýmsu leyti verið andsnúin markmiðum um stöðugt verðlag og hallalaus viðskipti við útlönd. Vandamálin, sem við er að etja á þessu sviði, eru einkum tvíþætt. Í fyrsta lagi hefur peningalegur sparnaður farið halloka í baráttunni við eyðsluna vegna ótryggra ávöxtunarkjara peninga. Af þessum sökum hefur staðan gagnvart útlöndum stöðugt versnað og innlán í innlánsstofnunum rýrnað að sama skapi. Í öðru lagi hefur framboð peninga verið mikið og ósveigjanlegt, auk þess sem óheppilegar sveiflur hafa orðið innan hvers árs, t. d. vegna afurðalána og greiðsluafkomu ríkissjóðs.

Þau hagstjórnartæki sem stjórnvöldum eru tiltæk til þess að jafna áhrif sveiflna í hagkerfinu, svo sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins og bindiskylda Seðlabankans, hafa ekki skilað nægilegum árangri. Gagnstætt því sem til var ætlast, að hér mynduðust öflugir sjóðir í góðæri, hafa gjaldeyrisskuldir stöðugt farið vaxandi.

Til þess að náð verði traustari tókum á stjórn efnahagsmála verður stefnan í peningamálum á næstu árum að mótask af þessum vandamálum og miðast við að auka peningalegan sparnað og nýta betur þau hagstjórnartæki sem til þess eru fallin að jafna út óheppilegar sveiflur í framboði peninga, hvort sem þær eru árstíðabundnar eða ná yfir lengri tíma.

Áætlunin um þróun peningamála 1979, sem fram kemur í töfluviðauka, miðast við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að aðhaldi verði beitt á sviði peningamála, sem er mikilvægur hlekkur í viðnámsaðgerðum gegn verðbólgu, og stuðlar þannig að hagstæðari þróun gjald-eyrisviðskipta. Þótt þróun peningamála hafi vissulega áhrif á almenna eftirspurn og peningabensla geti magnað verðbólgu benda tölfræðilegar rannsóknir hins vegar til þess, að stjórnþæki á sviði peningamála séu skjótvirkari í baráttunni við viðskiptahalla en verðbólgu. Til þess að ná tökum á verðbólgunni nú verður því að tryggja að þeir þættir sem ráða framboði peninga á lánamarkaðinum — einkum lánastarfsemi Seðlabankans og útlán innlánsstofnana — samræmist aðgerðum á öðrum sviðum efnahagsmála, sem beitt er í viðnámi gegn verðbólgu, og gagnkvæmt.

Í fjárlögum fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir að ríkissjóður (A-hluti) endurgreiði Seðlabanka 5 099 m. kr. af skuldum sem myndast hafa á síðustu árum. Ennfremur er stefnt að greiðsluafgangi (2 496 m. kr.) á ríkisreikningi. Hér er reiknað með að hann leiði til frekari bata á stöðu ríkissjóðs við Seðlabanka um 1,5 milljarða króna. Þá er reiknað með að stofnanir í B-hluta endurgreiði um 800 m. kr. af eldri skuldum við bankann. Gangi þessar áætlanir eftir munu ríkisfjármálin leggja drjúgan skerf til aðhaldsemi í peningamálum og skapa svigrúm til endurgreiðslu gjaldeyrisskulda.

Stefnt er að því að takmarka aukningu almennra lána innlánsstofnana við tæp 33% og heildarútlán þeirra við rúm 30%. Náist jafnframt fyrrgreint markmið um greiðslujöfnuð ríkissjóðs verður útlánaaukning bankakerfisins í heild aðeins um 20% samanborið við 30-40% síðustu tvö ár.

Svo sem kunnugt er hafa aukin endurkaup síðustu ára ásamt hlutfallslegum samdrætti bundinna innstæðna í Seðlabankanum leitt til peningabenslu og vaxandi skuldasöfnunar við útlönd. Á 10 ára tímabilinu fram til ársins 1973 voru bundnar innstæður 70-100% hærri en endurkaupin. Frá árinu 1973 hefur þróunin mjög færst til verri vegar og nú um nær tveggja ára skeið hafa endurkaupin verið hærri en bundnar innstæður og fer bilið stöðugt breikkandi. Brýnt er að snúa þessari þróun við en til þess þarf að tryggja eðlilega innlánamyndun, meðal annars til þess að hlutur innlánsstofnana í afurðalánum aukist frá því sem nú er. Dæmið sem sett er fram í töfluviðauka (töflum 14, 15 og 16) er við það miðað að þegar á þessu ári takist að minnka aftur bilið milli endurkaupa og bundinna innstæðna í Seðlabanka.

Spáin um þróun innlána á árinu 1979, sem hér er birt, byggist á þeirri forsendu að það takist að draga verulega úr verðbólgunni og að innlán fari því vaxandi, einkum á þeim reikningum sem njóta vaxta sem næst verðbólguþætti. Takist hins vegar ekki að draga verulega úr verðbólgu er ljóst að tryggja verður sparifjármýndunina með fyllri verðbótum eða hærri vöxtum. Til þess að leggja áherslu á þessi viðhorf er nú gerð skýrari aðgreining en fyrr milli almennra og tímabundinna spariinnlána. Gert er ráð fyrir mestri innlánaaukningu á vaxta- aukareikningum en innstæður á þeim eru bundnar til 3ja eða 12 mánaða. Með fyrirvara um ýmis óvissuatriði er spáð um 25% aukningu peningamagns í þrengri skilningi, þ. e. seðlaveltu og veltiinnlána, en um 31% aukningu almennra spariinnlána og 40% aukningu bundinna spariinnlána, þ. m. t. vaxtaaukainnlán.

Þróun peningamála árið 1978 var um margt ólík því sem að var stefnt í lánsfjáráætlun, enda voru þensluöflin sterkari en reiknað var með í upphafi, auk þess sem stjórn málaóvissa setti svip sinn á þróunina. Mikil aukning útlána innlánsstofnana endurspeglar aukna rekstrarfjárbörf atvinnuveganna en svo virðist sem útlánaaukningin hafi verið mjög í hátt við almenna verðlagsþróun. Reikningar Seðlabanka sýna einnig að framboð peninga hefur verið mikið allt árið. Á fyrri hluta ársins stafaði það aðallega af árstíðabundinni lánanotkun ríkissjóðs en á síðari hlutanum af miklum gjaldeyriskaupum bankanna í kjölfar greiðlegrar útflutningsverslunar. Afurðalán Seðlabankans jukust tiltölulega hægt á fyrstu mánuðum ársins vegna óvenju mikilla birgða sjávarafurða í ársbyrjun. Verðhækkningar og mikil framleiðsla landbúnaðar-

afurða ollu hins vegar geysilegri aukningu endurkaupanna á seinni hluta ársins. Með hækkun almennra bankavaxta tvívegis á árinu 1977 og í febrúar 1978 var lagður grunnur að meiri innlánamyndun og betra jafnvægi á peningamarkaðinum en verið hefur um árabíl. Stjórn- málaóvissa og langur aðdragandi tveggja gengisfellinga olli því hins vegar að aukning innlána lækkaði stig af stigi framan af ári þrátt fyrir mikið peningaframboð sem að framan er lýst. Þessi þróun snerist við á síðasta þriðjungi ársins eða eftir að óvissu á sviði stjórn mála lauk með efnahagsaðgerðum í byrjun september. Áberandi er þó að innlánaaukningin síðustu mánuð- ina var mest á hlaupareikningum og óbundnum sparifjárreikningum. Bendir það til þess annars vegar að lausafjárstaða fyrirtækja hafi rýmkast um sinn og hins vegar að almenningur bindi síður fé á bankareikningum nú en áður. Reynslan sýnir að slík innlánaaukning getur verið bankakerfinu skammæ í verðbólguástandi. Yfir árið í heild jukust innstæður á spari- fjárreikningum með uppsagnarfresti um 63% en almennt sparifé um 44% og veltiinnlán um 36%.

Pegar reynt er að meta árangur af fyrri lánsfjáráætlunum verður að segjast að talsvert hefur á það skort að þróun peningamála hafi verið sveigð inn á þá braut sem æskilegust hefði verið. Engu að síður hefur áætlanagerð — og raunar ekki síður samanburður hennar við raunverulegan árangur — varpað skýrara ljósi á þau vandamál sem við er að etja á þessu sviði. Til viðbótar þeim vandamálum, sem nefnd hafa verið hér að framan, má nefna að ríkis- búskapurinn, sem samkvæmt síðustu lánsfjáráætlunum átti að veita verulegt viðnám gegn lánþenslu, hefur þvert á móti stuðlað að þenslu, bæði með stöðugri skuldaaukningu ár frá ári og ekki síður með mikilli lánanotkun á fyrri hluta árs. Halli ríkissjóðs framan af árinu stafar af því að útgjöld eru tiltölulega mikil fyrri hluta árs en innheimta tekna er þá yfirleitt minni en á síðari hlutanum. Þessi munur hefur mjög mikil áhrif á þróun peningastærða og veldur þenslu á fyrri hluta árs en hefur samdráttaráhrif á síðustu mánuðum ársins. Ljóst er, eigi að vera unnt að halda peningapróun innan settra marka í lánsfjáráætlun á ári hverju, að brýnt er að reynt verði að samræma tímaferil útgjalda og tekna ríkissjóðs betur en hingað til, auk þess sem halli ríkissjóðs framan af ári verði í auknum mæli fjármagnaður með innlendum lántökum utan Seðlabanka.

VI

Erlend lán

Við gerð lánsfjáráætlunar undanfarin ár hefur verið stefnt að því að draga úr erlendum lántökum eftir því sem unnt hefur verið á hverjum tíma. Óhætt mun að fullyrða að nokkur árangur hafi orðið af þeirri aðhaldssemi sem sýnd hefur verið þótt lántökur hafi jafnan farið fram úr áætlunum. Á árinu 1977 fóru erlendar lántökur 9 800 m. kr. fram úr áætlun. Nú er áætlað að erlendar lántökur til langs tíma á árinu 1978 verði 34 760 m. kr. en frá þeirri fjárhæð má draga 2 730 m. kr. vegna breytinga á skammtímalánum í lán til langs tíma. eru því lántökur sambærilegar við spá lánsfjáráætlunar fyrir árið 1978 32 030 m. kr. en það er um 12 000 m. kr. hærra en spáð var.

Þessa miklu aukningu má rekja til meiri fjármagnsparfar vegna aukinna framkvæmda opinberra aðila, einkum í orkumálum, og hækkunaráhrif gengis- og verðlagsbreytinga sem ekki hefur verið unnt að fjármagna með lánum innanlands. Afborganir af löngum lánum eru áætlaðar nálægt 20 000 m. kr. og verður því raunveruleg nettóaukning langra lána um 12 000 m. kr. Svarar það til 4,8% af áætluðum útflutningstekjum en 2,2% af áætlaðri þjóð- arframleiðslu. Þannig hefur hægt á skuldaaukningunni á árinu 1978 miðað við undanfarin ár, bæði að krónutölu og í hlutfalli af útflutningstekjum og þjóðarframleiðslu. Á árinu 1977 varð nettóaukning langra erlendra lána 13,4% af útflutningstekjum en 5,3% af þjóðarframleiðslu. Samsvarandi tölur fyrir 1976 eru 10,4% og 4,2%.

Á árinu 1978 er áætlað að viðskiptajöfnuður við útlönd hafi verið hagstæður um 9 000 m. kr. Er það nálægt 23 milljarða króna bati frá árinu 1977 reiknað á áætluðu meðalgengi 1978. Meginskýringin á þessum bata er sú að birgðir sjávarvöru jukust mjög á árinu 1977 og útflutningur varð því mun minni en framleiðslan. Á árinu 1978 snerist þetta hins vegar við og birgðir minnkuðu, einkum skreiðarbirgðir, og útflutningurinn er því meiri en nemur framleiðslu ársins. Þá varð verulegur samdráttur á innflutningi sérstakra fjárfestingarvara á árinu 1978 vegna miklu minni skipainnflutnings en árið áður. Nettóaukning langra erlendra lána er samkvæmt greiðslujafnaðarspá talin 14 760 m. kr. á árinu 1978 en fjármagnsústreymi á öðrum fjármagnsliðum er áætlað 9 075 m. kr. Verður þá fjármagnsjöfnuður í heild hagstæður (fjármagnsinnstreymi nettó) um 5 685 m. kr. sem gengur ásamt afgangi á viðskiptajöfnuði til þess að bæta gjaldeyrisstöðu um 14,5 milljarða króna reiknað á meðalviðskiptagengi ársins.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð á það áhersla að stefnt verði að jöfnuði í viðskiptunum við útlönd og dregið verði úr erlendum lántökum. Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 er þessu markmiði fylgt eftir. Brýnt er að halda lántökum á næstu árum innan þess ramma að skuldaaukning verði sem minnst og að greiðslubyrði af lánunum geti fremur farið lækkandi en hið gagnstæða. Síðastliðin þrjú ár hefur greiðslubyrði vegna afborgana og vaxta af löngum erlendum lánunum verið sem hér segir í hlutfalli af útflutningstekjum: 1975: 14,2%, 1976: 13,8%, 1977: 13,7%. Á árinu 1978 er áætlað að hlutfallið hafi verið nálægt 13,7% og rétt innan við 14% á árinu 1979. Þetta er þyngr greiðslubyrði en æskilegt væri, einkum þegar haft er í huga að verðlag á útflutningi hefur verið mjög hagstætt undanfarin tvö ár og í áætlunum fyrir 1979 er reiknað með að útflutningsverðlag haldist enn hagstætt. Til þess að hægt sé að draga úr erlendum lántökum verður viðskiptajöfnuður við útlönd að vera hallalaus en til þess að skuldir geti farið lækkandi þarf að verða afgangur á viðskiptum við útlönd. Í frumdrögum þjóðhagsspár fyrir árið 1979 er viðskiptajöfnuður talinn verða hagstæður um 2 milljarða króna. Þörfin fyrir erlendar lántökur á næsta ári miðast við endurgreiðslur af eldri lánunum að frádrögnum afgangi á viðskiptajöfnuði en að viðbættu því sem telja má æskilegan bata á gjaldeyrisstöðu. Endurgreiðslur af löngum lánunum eru áætlaðar 25 500 m. kr. á árinu 1979 en auk þess er gert ráð fyrir endurgreiðslu af gjaldeyris-skuldum við Alþjóðagjaldeyrisjóðinn að jafnvirði um 8 000 m. kr. Skuldin við Alþjóðagjaldeyrisjóðinn er innifalin í gjaldeyris-skuldum bankanna og endurgreiðsla hennar hefur því ekki áhrif á nettó-gjaldeyrisstöðu en lækkar hins vegar gjaldeyrisforðann, þ. e. gjaldeyriseignina brúttó. Gjald-eyrisforðinn í árslok 1978 er ekki meiri en svo að fremur ber að stefna að aukningu hans en lækkun á árinu 1979. Til þess að ná því marki að halda gjaldeyrisforðanum óbreyttum þarf lækkun á gjaldeyris-skuldum, sem leiðir af endurgreiðslu þeirra, að koma fram í bata á gjaldeyrisstöðunni nettó. Samkvæmt framangreindum greiðslujafnaðarsjónarmiðum er ný lántökupörf á árinu 1979 áætluð um 31 500 m. kr. og má líta á það sem lágmark enda ýmsar stuttar fjármagnshreyfingar óvissu háðar.

Heildarupphæð innkominna langra erlendra lána er áætluð 38 950 m. kr. en það er áætluð fjárþörf vegna fyrrihugaðra framkvæmda á árinu 1979 umfram það fé sem aflað verður innanlands. Auk lántöku til að mæta þessum þörfum verður aflað heimildar til að breyta tiltölulega stuttum lánunum í lengri lán án þess að slík lánabreyting hafi áhrif á heildarstöðu erlendra skulda. Eins og að framan segir eru afborganir af löngum erlendum lánunum áætlaðar 25 500 m. kr. og nettóaukning þeirra því 13 450 m. kr. Þetta eru lægri lántökur og minni nettóaukning lána en undanfarin ár. Á árinu 1979 munu áætlaðar nettólántökur nema 4% af útflutningstekjum og 1,8% af vergri þjóðarframleiðslu en samsvarandi tölur fyrir árið 1978 eru 4,8% og 2,2%. Í heild er áætlað að fjármagnsjöfnuður verði hagstæður (fjármagnsinnstreymi nettó) um 10 milljarða króna á árinu 1979 og gengur það ásamt hagstæðum viðskiptajöfnuði til þess að bæta gjaldeyrisstöðuna um 12 milljarða króna.

Hér á eftir er sýnd sundurliðun á fyrrihuguðum erlendum lántökum opinberra aðila 1979:

A-hluti fjárlaga		Millj. kr.
Vegagerð	930	
Landshafnir	150	
Flugöryggistæki	200	
Hafnargerð á Grundartanga	230	
Hlutafjárframlag til Íslenska járnblendifélagsins hf.	600	
	<hr/>	2110
B-hluti fjárlaga		
Vegna flugvélakaupa flugmálastjórnar	160	
RARIK, almennar framkvæmdir	1957	
Bessastaðaárvirkjun	600	
Sveitarafvæðing	200	
Byggðalínur	2 207	
Kröfluvirkjun	270	
Jarðvarmaveitur ríkisins vegna Kísiliðju	250	
Jarðboranir ríkisins vegna steypudælu	200	
Orkusjóður vegna Orkubús Vestfjarða	360	
Orkusjóður vegna styrkingar dreifikerfa í sveitum	225	
Póstur og sími vegna jarðstöðvar	1 260	
Póstur og sími vegna vörukaupalána	400	
Endurlán vegna Grundartangahafnar	176	
Lyfjaverslun ríkisins vegna tækjakaupa	180	
	<hr/>	8 445
		<hr/>
A- og B-hluti fjárlaga samtals		10 555
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs		
Landsvirkjun	6 500	
Orkubú Vestfjarða	465	
	<hr/>	6 965
Bæjar- og sveitarfélög		
Hitaveitur	3 145	
Rafmagnsveita Reykjavíkur	680	
Reykjavíkurhöfn	340	
Annað	900	
	<hr/>	5 065
		<hr/>
Opinberir aðilar, alls		22 585

Á árinu 1978 tók Fiskveiðasjóður lán að fjárhæð 1 252 m. kr. og lántaka Framkvæmdasjóðs vegna fjárfestingarlánasjóða nam 426 m. kr. Er því áætlað að lántökur lánastofnana nemi samtals 1 678 m. kr. á árinu 1978. Á árinu 1979 er áætlað að Framkvæmdasjóður taki 3 950 m. kr. erlend lán og Byggðasjóður 1 480 m. kr. lán vegna vaxta og afborgana af byggðalínunum. Erlendar lántökur lánastofnana eru því áætlaðar samtals 5 430 m. kr. 1979.

Lántökur vegna atvinnufyrirtækja eru áætlaðar 10 935 m. kr. á árinu 1979 og sýnir eftirfarandi yfirlit sundurliðun á helstu liði:

	Millj. kr.
Járblendiverksmiðja	3 900
Skip og flugvélar	
Fiskiskip	3 000
Önnur skip	2 100
Flugvélar	100
	5 200
Vélar og tæki	1 000
Ýmislegt ófyrirséð	835
	10 935
Samtals	10 935

VII

Lánsfjármarkaðurinn

Í undanfarandi köflum um bankakerfið, fjárfestingarlánasjóði og opinberar og erlendar lántökur hefur verið gerð grein fyrir svo að segja allri notkun lánsfjár í þjóðarbúskapnum. Hver þessara meginþátta er metinn út frá sínum sérstöku viðmiðunum. Heildaryfirsýn fæst þó ekki yfir lánsfjármarkaðinn né notkun einstakra megingreina þjóðarbúskaparins á lánsfé, bæði til rekstrar og fjárfestingar, nema allir þessir þættir séu dregnir saman í heildarmynd. Þetta er gert í sérstökum töflukafla V um lánsfjármarkaðinn (töflur 19-22) þar sem sýnd eru samskipti lánveitenda og lánþega á markaði lánsfjár til endanlegra nota. eru öll lánsviðskiptin færð í formi nettóhreyfinga hliðstætt hreyfingum bankakerfisins. Afborganir fastra lána eru dregnar frá samsvarandi lánveitingum, gagnstætt því sem gert er í hinum sérstöku köflum um fjárfestingarlán sem þar eru talin brúttó án frádráttar afborgana. Yfirlit lánsfjármarkaðarins sýnir þannig nettóstrauma lánsfjár milli megingreinanna, einkum frá lánastofnunum og erlendum aðilum til atvinnurekstrar og framkvæmdaaðila.

Túlkun svo samsettrar stærðar er að sjálfsögðu erfiðleikum bundin, einkum í verðbólguþróun, þar sem fjárstraumarnir eru ólíks eðlis og verðbólguáhrifin koma misjafnlega fram. Peningastærðir bankakerfisins eru starfstæki athafnalífsins og velta ört með skilum lána og endurnýjun í nýjum lánnum. Aukningar þeirra, þ. e. nettóhreyfingar, eru því gjarnan metnar að tiltölu við fyrri heildarstofn sömu stærða. Fjárfestingarlánin hafa hins vegar fremur gildi fjárstrauma á móti þeim straumum raunverðmæta, þ. e. efnis, vinnu o. þ. h., sem ganga til fjárfestingar. Mat þeirra að tiltölu við stofnstærðir á því síður við nema jafnframt sé gerður samanburður við efnislegan þjóðarauð og verðbólguáhrif á fyrri lánastofna jafnframt tekin til meðferðar. Verður því hér stuðst eingöngu við samanburð þeirra nettóhreyfinga sem töflurnar fela í sér.

Lánsfjáráætlanir undanfarinna ára hafa falið í sér ásetning um strangt aðhald að lánsfjármarkaði. Í reynd hefur þó verið farið fram úr settu marki um lántökur.

Þannig var gert ráð fyrir því í lánsfjáráætlun 1978 að opinberir aðilar gætu fært nettóþörf sína fyrir nýtt lánsfé niður í tæpan þriðjung miðað við fyrra ár. Niðurstaðan hefur hins vegar orðið aukning um 40%. Lánsfjárþarfir atvinnulífsins og íbúðabyggjenda eru hins vegar mun jafnari og aukning þeirra sömuleiðis. Lánsfjárþörf þessara aðila var metin tiltölulega nærri réttu lagi í lánsfjáráætlun 1978, atvinnufyrirtækja 37,8 milljarðar króna nettó og varð sama fjárhæð, íbúðaeigenda 18,8 milljarðar króna og varð 24,1 milljarður. Endurskoðun ársins 1977 til verulegrar hækkunar olli hins vegar því að hlutfallsaukning lánastreymis til einkaaðila reyndist minni en spáð var, eða 28% til samanburðar við 43% samkvæmt spá. Þetta er þó háð fyrirvörum, m. a. um óvissar bráðabirgðatölur um stutt erlend lán árið 1978.

Heildarniðurstaðan af þessu varð sú að nettóframboð lánsfjár varð 90,2 milljarðar króna á árinu 1978 til samanburðar við 64,2 milljarða samkvæmt lánsfjáráætlun ársins og aukningin frá fyrra ári telst 31% í stað 11% samkvæmt áætlun. Þessi aukning stendur þó verðbólguþignu verulega að baki og er innan við helming samsvarandi hlutfalls aukningar árið áður, en þá hafði lánsfjáráætlun þó fremur stefnt til samdráttar en aukningar.

Á hlið lánveitenda er aukning nettólánveitinga af hendi innlendra aðila árið 1978 metin 85 milljarðar króna, eða hækkun frá fyrra ári um 50%. Féll það æði nærri áætlaðri verðmætisaukningu þjóðarframleiðslu, um 49% í krónum talið, en var að sjálfsgöðu ekki til þess fallið að lægja vind verðbólgunnar enda er hækkun þessa liðar frá lánsfjáráætlun nánast 30 milljarðar króna. Bankar og fjárfestingarlánasjóðir eiga svo að segja jafnan hlut að þessari aukningu. Í því sambandi ber að hafa í huga hina örðugu afkomu atvinnurekstrar og mikla fjárbindingu í birgðum á árinu.

Fjármagnshreyfingar gagnvart útlöndum voru samdráttarþáttur á árinu að tiltölu við fyrra ár. Það gildir þó aðeins í mjög litlum mæli um löng erlend lán, sem skýrari þýðingu hafa í þessu sambandi, með samdrátt nettóhreyfinga um 14%. Útstreymi á stuttum fjármagnshreyfingum er hins vegar í senn óviss liður og varðar ekki að öllu leyti bein skuldaskipti við erlenda aðila.

Í ljósi þessarar reynslu af framkvæmd undangenginna lánsfjáráætlana verður að undirstrika nauðsyn þess að halda fastar við upphafleg markmið en gert hefur verið. Ásetningur stjórnvalda um aðhald kemur skýrt fram í markmiðum lánsfjáráætlunar fyrir 1979. Þannig er stefnt að því að nettóframboð lánsfjár sjatni lítið eitt á heildina lítið, þrátt fyrir mun herra verðlag en að ársmeðaltali 1978, og verði 87,6 milljarðar króna til samanburðar við 90,2 milljarða 1978. Að því er varðar opinbera aðila er áætluð breyting svipuð og áður, lækkun nettólántöku um 58%, en þeirri breytingu er að miklu leyti ætlað að ná með endurgreiðslum lausaskulda ríkissjóðs sem fyrir löngu er tímabært orðið að grynna verulega á. Að auki er nú áformað að halda fastar að lánastreymi til einkaaðila, sem mun aukast um aðeins 18,5% nettó, um 15% til atvinnufyrirtækja sérstaklega.

Á upprunahlið er gert ráð fyrir nánast óbreyttu lánsfjástreymi bæði af innlendum og erlendum uppruna. Það gildir sérstaklega um innlánsstofnanir að gert er ráð fyrir mjög lítilli hækkun nettófjárhæðar frá þeim til endanlegra lánþega, tæpum 42 milljörðum króna í samanburði við 38,7 milljarða 1978. Vert er hins vegar að benda á að í samhengi peningamála kemur þessi fjárhæð fram sem 30,5% útlánaaukning að tiltölu við lánastofn í ársbyrjun, í samanburði við tæplega 40,0% aukningu 1978. Áætluð bein minnkun nettólánveitinga trá bankakerfinu er auk þessa aðhalds niðurstaða af áformuðum og samningsbundum endurgreiðslum ríkisskulda sem Seðlabankinn hefur milligöngu um.

VIII

Fjárfesting

Í spá Þjóðhagsstofnunar sem sett var fram í desembermánuði síðastliðnum var gert ráð fyrir 9—10% samdrætti í fjárfestingu á þessu ári. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni er hins vegar gert ráð fyrir nokkru meiri fjárfestingarumsvifum eins og áður hefur verið rakið — einkum af atvinnuöryggisástæðum og eins af því að nú liggur fyrir betri vitneskja um framkvæmdaáform en haustið 1978. Samdrátturinn yrði því minni, eða um 7% að raungildi frá fyrra ári. Á forsendu þessarar áætlunar er þannig talið að á þessu ári verði rösklega 182 milljörðum króna varið til fjárfestingar. Verðlag fjármunamyndunarinnar er talið verða um 34% herra en 1978 og hækkun byggingarkostnaðar innanlands og erlendra þátta fjárfestingarinnar er talin verða mjög áþekk.

Í lánsfjáráætlun síðasta árs var reiknað með að fjárfestingin í heild drægist saman um 3% að raunvirði og næmi um 26% af þjóðarframleiðslu ársins. Samkvæmt þjóðhagsspá fyrir árið 1978 eru nú horfur á nokkru meiri samdrætti, eða tæplega 4%, sem er heldur meira en ætlað var í fyrstu spám. Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu yrði fjárfestingin 1978 tæplega 27% samanborið við 28½% 1977, um 30% 1976 og 33—34% 1974—1975. Á þessu ári er gert ráð fyrir að þetta hlutfall lækki niður fyrir fjórðung af þjóðarframleiðslu. Lögð er rík áhersla á að halda fjárfestingarútgjöldum í skefjum, enda ljóst að hin mikla fjárfesting undangengin ár hefur átt töluverðan þátt í verðbólguþróuninni.

Í spánni fyrir árið 1979 er reiknað með að fjárfestingin dragist saman í nær öllum greinum, eða standi í stað hið mesta. Hvað stórframkvæmdir varðar er reiknað með að dregið verði úr fyrirhuguðum framkvæmdum við Hrauneyjafossvirkjun á þessu ári frá því sem áformað var og að til þeirra verði varið rétt innan við 5 milljörðum króna. Framkvæmdir við járnblendiverksmiðjuna að Grundartanga eru taldar dragast saman um nær tvo þriðju miðað við síðasta ár. Er framkvæmdakostnaður við verksmiðjuna áætlaður 5,0 milljarðar á árinu eða talsvert minna en ætlað var í desemberspánni þar sem járnblendifélagið hefur með samkomulagi við ríkisstjórnina ákveðið að hægja nokkuð á framkvæmdahraða við verksmiðjuna á þessu ári og fresta þeim að hluta fram til ársins 1980. Gert er ráð fyrir innflutningi skipa og flugvéla að verðmæti 7,4 milljarðar króna en það felur í sér rösklega þriðjungs samdrátt að raunvirði frá síðasta ári, samanborið við meira en helmingssamdrátt í fyrra. Þessar tölur þarf þó að skoða með nokkrum fyrirvara þar sem líkur benda til að innflutningur skipa 1978 hafi verið nokkru minni en hér er gert ráð fyrir, en endanlegar tölur liggja ekki enn fyrir. Fyrirhuguðum framkvæmdum við lengingu kerskála í álverinu verður væntanlega að hluta frestað fram til ársins 1980 samkvæmt tilmælum ríkisstjórnarinnar. Þessar ákvarðanir um framkvæmdahraða við stóriðjuverin eru til þess ætlaðar að framkvæmdirnar valdi ekki óeðlilegri röskun innanlands, þó þannig að fullt tillit sé tekið til atvinnuástands og gjaldeyrisöflunar.

Gert er ráð fyrir að fjárfesting í öðrum atvinnuvegum dragist saman um 8% á þessu ári samanborið við rösklega 9% samdrátt á síðasta ári.

Yfirlit yfir fjármunamyndun 1977—1979

	Verðlag hvers árs í milljörðum króna			Magnbreytingar frá fyrra ári, %		
	1977	1978	1979	1977	1978	1979
Fjármunamyndun alls	103,7	145,9	182,2	7,5	-3,7	-6,8
1. Atvinnuvegir	44,4	66,7	79,3	36,7	2,4	-11,3
2. Íbúðarhús	22,0	32,6	43,6	0	2,0	0
3. Opinberar framkvæmdir	37,3	46,6	59,3	-16,0	-14,3	-5,0
4. Hlutfall fjármunamyndunar af þjóðar- framleiðslu	28,5%	26,7%	24,9%	.	.	.
—m. v. að framkvæmdir álvers séu meðtaldar að hálfu	—	—	24,5%			

Þannig er gert ráð fyrir áframhaldandi samdrætti fjárfestingar í landbúnaði, og auk þess nokkrum samdrætti í byggingu verslunar- og skrifstofuhúsnæðis. Á hinn bóginn felur þessi áætlun í sér að fé er beint til framkvæmda í fiskvinnslu og iðnaði, fyrst og fremst til þess að bæta tækniþúnað og framleiðni í þessum atvinnugreinum.

Fjárfesting í íbúðarhúsum er hins vegar talin verða svipuð á þessu ári og í fyrra.

Í forsendum áætlunarinnar er gert ráð fyrir að opinberar framkvæmdir dragist saman um 5% á þessu ári, samanborið við rösklega 14% samdrátt í fyrra. Áætlað er að raforku-

framkvæmdir dragist saman um tæplega 3% en í heild er reiknað með að til þeirra framkvæmda verði varið tæplega 18 milljörðum króna. Framkvæmdir við hita- og vatnsveitur hafa verið mjög miklar nokkur undangengin ár og náðu hámarki 1977, en hafa síðan dregist nokkuð saman. Á þessu ári er áætlað að til þessara framkvæmda verði varið rúmlega 9 milljörðum, sem felur í sér nær 14% samdrátt frá fyrra ári, enda er ýmsum meiri háttar áföngum í hitaveitum ýmist lokið eða um það bil að ljúka. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við samgöngumannvirki dragist lítilsháttar saman, eða um rúmlega 1% á þessu ári. Reiknað er með að framkvæmdir við vegi og brýr verði svipaðar og í fyrra, en til samgönguframkvæmda teljast, auk vega- og brúargerðar, lagning gatna og holræsa, framkvæmdir við hafnir og vita, flugvelli, síma og dreifikerfi útvarps og sjónvarps, en áætlanir um þessa liði eru settar fram í töflum 3 og 32 í töfluviðauka. Alls er áformað að verja rúmlega 20 milljörðum króna til samgönguframkvæmda á árinu. Loks er gert ráð fyrir 7—8% samdrætti að raunvirði í byggingum hins opinbera og að til þeirra verði varið tæplega 12 milljörðum króna.

Í áætlun þessari er reiknað með að sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga dragist talsvert saman á þessu ári, eða um 8—9%, og að til þeirra verði varið tæplega 10 milljörðum króna. Ennfremur er gert ráð fyrir samdrætti í framkvæmdum á vegum sveitarfélaganna einna, sem nemur 6—7% frá fyrra ári, en til þessara framkvæmda er áformað að verja nær 20 milljörðum króna á þessu ári. Loks er reiknað með samdrætti í hreinum ríkisframkvæmdum, eða um 2—3% frá því sem var 1978. Til hreinna ríkisframkvæmda er áformað að verja rúmlega 29 milljörðum króna. Áætlanir um þessa liði er að finna í töflu 30 í töfluviðauka.

IX

Fjármögnun

Í töflukafla VI í töfluviðauka (töflum 23—29) er allri fjármögnun stillt upp á móti allri fjárfestingu, eftir því sem heimildir gera kleift. Birgðabreytingar eiga að teljast með í fjárfestingu en sökum skorts á heimildum eru aðeins taldar breytingar útflutningsvörubirgða, búvöru og bústofns. Á móti því er á fjármögnunarhlíð stillt allri lánsfjármögnun, einnig skammtímalánum út á birgðir, viðskiptakröfur o.p.h. Kemur þannig fram misræmi, sem gerir eigin sparnað atvinnurekstrarins minni en efni standa til, en raunar er geiri atvinnurekstrarins hér í blandi við einstaklinga og heimili, einnig sökum skorts á heimildum. Til þess að sneiða hjá þessum vanköntum verður reynt að lýsa hér einungis fjármögnun fjármunamyndunar í föstum verðmætum, en undir það efni falla allir kaflar lánsfjáráætlunarinnar aðrir en bankakerfið, sem að mestu snýr að rekstrarfjármögnun.

Heildaryfirlit fjárfestingar og fjármögnunar (tafla 23) felur þó ekki í sér neinar lána-hreyfingar, aðrar en þær sem speglast í viðskiptajöfnuði við útlönd, heldur stillir saman fjármunamyndun og sparnaði hvers geira. Sparnaðurinn er þó vanmetinn, einkum á vegum einkaaðila, sem svarar vantali birgðabreytinga. Hlutfallsleg skipting fjármunamyndunarinnar breytist lítið árin 1977—1979, svo sem eftirfarandi yfirlit sýnir, þó með talsverðri breytingu milli ríkisins og atvinnuvega árið 1978, sem gangi að nokkru til baka á þessu ári og víki um leið fyrir hlutfallsaukningu íbúðabyggina.

	1977	1978	1979
Fjármunamyndun, alls	100,0	100,0	100,0
Opinberir aðilar	36,0	31,9	32,5
Ríki	22,5	19,3	20,6
Sveitarfélög	13,5	12,6	11,9
Einkaaðilar	64,0	68,1	67,5
Atvinnuvegir	42,8	45,7	43,5
Íbúðabyggingar	21,2	22,3	23,9

Sparnaðarhlutföllin eru áþekk skiptingu fjármunamyndunarinnar, þó svo að sveitarfélög spara verulega minna en þau fjárfesta, en ríki og einkaaðilar á hinn bóginn meira.

	1977	1978	1979
Innlendur sparnaður, alls	100,0	100,0	100,0
Opinberir aðilar	31,0	26,4	38,0
Ríki	23,7	20,0	23,8
Sveitarfélög	7,3	6,4	9,2
Einkaaðilar	69,0	73,6	62,0

Mikil umskipti eru áætluð á þessu ári í þá átt að hið opinbera, og þá einkum ríkið, eigi meiri hlut að sparnaðinum og einkaaðilar að sama skapi minni, en á heildina litið verði sparnaður umfram fjárfestingu svo að viðskiptaafgangur náist út á við. Stendur aukinn áætlaður sparnaður ríkisins einkum í sambandi við áformaðar skuldagreiðslur við Seðlabankann, sbr. kaflann um bankakerfið. Það er hins vegar engin nýlunda að sparnaður hins opinbera sé áætlaður svo mikill. Þannig var sparnaður ríkisins áætlaður fyrirfram 31,7% af heild 1977 og 32,7% 1978 en sparnaður einkaaðila aftur á móti 57,6% og 58,5% sömu ár. Aukin útgjöld ríkissjóðs af völdum verðbólgu annars vegar og verðbólguhagnaður einkaaðila hins vegar hafa svo leitt til þeirrar niðurstöðu er að framan greinir. Er því þörf meiri festu en fram til þessa eigi markmið lánsfjáráætlunar í þessu tilliti að nást.

Lánsfjármögnun má ýmist skoða brúttó, þ. e. til þeirra aðila sem standa í framkvæmdum, án frádráttar afborgana úr sömu greinum eða geirum, eða nettó, þ.e. að þeim frádrögnum. Meginstofn lánsfjármögnunar fjármunamyndunar eru hin eiginlegu **fjárfestingarlán**, sem rakin eru í köflum um opinberar lántökur, fjárfestingarlánasjóði og erlend lán, og eru þar talin brúttó, og ennfremur lán lífeyrissjóða til sjóðfélaga sem teljast verða ganga til íbúðabygginga þótt það sé ekki að fullu öruggt. Við þau lán má bæta nettóaukningu stuttra lána innlánsstofnana til einstaklinga, sem teljast ganga til íbúðabygginga, og lítills háttar lánaaukningu sjóða á vegum ríkisins til atvinnuvega og sveitarfélaga. Fæst þá fram **lánsfjármögnun** alls til fjárfestingar, og er að nokkru á nettógrundvelli. Við það má enn bæta beinum fjárfestingarstyrkjum til landbúnaðar og stofnfjármagni frá útlöndum til stóriðjufyrirtækja. Fæst þá það sem kalla má **aðfengið fjármagn** alls. Þessar heildarstærðir líta þannig út, svo sem þær eiga við fjármunamyndunina í heild, ásamt skiptingu alls aðfengins fjármagns á megingreinarnar, í milljónum króna, svo og hlutföll þessara lánsfjástærða af samsvarandi fjármunamyndun. Tölurnar gilda jafnframt um lánsfjármögnun íbúðabygginga og opinberra framkvæmda sem eru sömu stærðir og aðfengin fjármögnun.

	1977	1978	1979
Fjárfestingarlán, brúttó	58 815	83 450	94 250
Lánsfjármögnun, alls	63 335	90 880	100 320
Aðfengin fjármögnun, alls	65 595	93 620	105 085
— Atvinnuvegir	26 400	36 895	38 815
— Íbúðabyggingar	17 395	27 105	34 610
— Opinberar framkvæmdir	21 800	29 620	31 660

Hlutföll af samsvarandi fjármunamyndun %:

Fjárfestingarlán, brúttó	56,7	57,2	51,7
Lánsfjármögnun, alls	61,0	62,3	55,0
Aðfengin fjármögnun, alls:	63,2	64,2	57,7
— Atvinnuvegir	59,4	55,5	48,9
— Íbúðabyggingar	79,0	83,2	79,3
— Opinberar framkvæmdir	58,4	63,6	53,4

Lánsfjármögnun, eða aðfengin fjármögnun yfirleitt, nemur hærra hlutfalli en menn munu almennt gera sér grein fyrir. Þetta á einkum við um íbúðabyggingar, þar sem fjárfestingarlán hafa náð um tveim þriðju fjármunamyndunar eða öll lánsfjármögnun um fjórum fimmtu, og um opinberar framkvæmdir, sem náð hafa allt að 65% lánsfjármögnun miðað við fjármunamyndun, en meginþungi fjármögnunar mun þar fyrir meir hafa fallið á beinar fjárveitingar hins opinbera. Að því er íbúðabyggingar varðar mun þó nokkur hluti lífeyrissjóðalána og aukningar bankalána ekki nýtast til nýrra íbúðabygginga né heldur lán Byggingarsjóðs ríkisins út á eldri íbúðir. Hér er þó á heildina litið komið nálægt því marki lánsfjármögnunar sem talið hefur verið æskilegt og félagsleg fyrirgreiðsla við miðuð. Að því er varðar opinberar framkvæmdir mun tiltöluleg aukning á þeim framkvæmdum hins opinbera sem rekin eru í fyrirtækjaformi, einkum í orkubúskapnum, valda miklu um lánsfjármögnun og í sumum greinum mun hún hafa verið sótt fastar en fyrrum þótti hæfa.

Atvinnuvegir eiga þannig ekki kost meiri lánsfjármögnunar heldur en opinberir aðilar. Til atvinnuveganna berst einkum lánsfé vegna fjárfestingar eftir tveim leiðum: um fjárfestingarlánasjóði og með lántökum beint frá útlöndum. Út á þær atvinnuvegaframkvæmdir, sem aðgang eiga að fjárfestingarlánasjóðum, var að meðaltali lánað um 46% fjármunamyndunar árið 1978 og er þá sleppt innfluttum fiskiskipum sem eru tilefni erlendra lántöku við innflutning þeirra. Hlutfall almenns iðnaðar reyndist 40%, vinnslustöðva sjávarútvegs 43% og vinnslustöðva landbúnaðar 44%. Fiskveiðar nutu mun hærra hlutfalls, 73%, en út á innlenda nýsmíði fiskiskipa telst hafa verið lánað 76% af verðmæti. Neðan meðaltalsins eru hins vegar landbúnaður með 22% lán miðað við heildarfjármunamyndun, en bein framkvæmdaframlög bæta það upp í u.þ.b. 40%, og enn fremur verslunar-, skrifstofu- og gistihús o.þ.h., einnig með 22% lánveitingar að tiltölu við framkvæmdir. Báðir þessir síðast töldu flokkar eru þó rúmt skilgreindir í fjármunamyndunarskýrslum og verkar það til lægra lánahlutfalls en ella.

Þær atvinnugreinar sem heimild hafa til þess að leita á erlendan lánamarkað njóta við það oft rýmri lánsmöguleika en almennt gilda hjá fjárfestingarlánasjóðum, enda oft um stórar og kostnaðarsamar fjárfestingar að ræða. Lán út á flutningaskip og flugvélar nema almennt um 70% og út á fiskiskip 50%, nýlega breytt úr 67%. Lánshlutfall út á vinnuvélar og flutninga- og almenningsbifreiðar getur einnig numið 67% af innflutningsverði en sökum tolla og annars innlends kostnaðar nema lánin langtum lægra hlutfalli heildarkostnaðar. Þau lán eru einnig stytst, yfirleitt þriggja ára, en flugvélalán t.d. 5 ára og skipalán almennt til 7 ára. Þannig eru hin erlendu lán til einkaaðila yfirleitt fremur stutt, svarandi að talsverðu leyti til endingartíma tækjanna og eðlilegs endurheimtutíma verðmætis þeirra. Aðeins í tilviki innfluttra fiskiskipa taka innlend fjárfestingarsjóðslán við af hinum erlendu, til lengingar upp í 15 ár alls.

Með framkvæmda- og lánsfjáráætlun 1979 er stefnt til talsverðrar lækkunar á lánshlutfalli atvinnuvega og opinberra framkvæmda, og þar með heildarinnar. Ber þetta með sér strangara aðhald að fjárfestingu en fram kemur í áætlaðri lækkun fjárfestingarinnar. Frá þessu eru þó veigamiklar undantekningar, að því er varðar verulega aukin lán til hagræðingar og tæknibúnaðar í fiskvinnslu, fyrirgreiðslu við innlenda skipasmíði o.fl., svo sem fyrr er frá greint. Almennt verður kostað kapps um að fyrirbyggja að áætlunin fari úr böndunum.

Lánsfjármögnunina má einnig skoða nettó, svo sem gert er í töflum 24—29 um fjárfestingu og fjármögnun og fjárflæði milli stofnana eða geira. Þar er til meðferðar nettóbreyting fjárstærðanna milli áramóta svo að afborganir og hvers konar mótvægar hreyfingar koma inn í

myndina. Við þetta kemur sérstaklega sterkt fram sú lækkun lánsfjármögnunar 1979 sem áður er að vikið, einkum að því er tekur til ríkis og sveitarfélaga. Séu nettólánveitingar ríkis dregnar frá nettólántökum koma fram eftirfarandi nettólántökuhlutföll miðað við fjármunamyndun.

	1977	1978	1979
Nettolántökuhlutfall ríkis, %	43,1	51,4	11,6
Nettolántökuhlutfall sveitarfélaga, %	40,7	40,1	15,2
Nettolántökuhlutfall opinberra framkvæmda, alls %	42,2	46,9	12,9
Brúttólántökuhlutfall opinberra framkvæmda, alls %	58,4	63,6	53,4

Hér valda áætlaðar skuldagreiðslur og stöðubati ríkissjóðs mjög miklu um stórlækkað nettólántökuhlutfall ríkisins. Á vegum sveitarfélaganna munar hins vegar mestu um minni erlendar lántökur samfara auknum afborgunum. Samvegið nettóhlutfall opinberra framkvæmda hélst hátt, um 72—74% af brúttóhlutfalli árin 1977—1978, en á fyrir sér að falla mjög á þessu ári og svarar þá til 24% af brúttóhlutfalli.

Yfirlit um fjármögnun á vegum einkaaðila (tafla 26) sýnir mun blandaðri mynd. Sökum þeirra annmarka, sem greint er frá í upphafi þessa kafla, er æskilegast að hreinsa brott þá liði sem einstaklingar eiga persónulega eða fyrirtæki eiga eða skulda vegna rekstrar, þ.e. lánveitingar og innstæður, seðlar og mynt, lán frá innlánsstofnunum önnur en til íbúðabyggjenda, fjármagnshreyfingar gagnvart útlöndum vegna rekstrar og stutt erlend lán. Stendur þá eftir nettófjármögnun, sem í aðaldráttum varðar fjármunamyndun **einkaaðila**, þ.e. framkvæmdir atvinnuvega og íbúðabyggingar til samans:

	1977	1978	1979
Nettolántökuhlutfall %	46,3	43,0	37,7
Fjármagnstílfærslur og erlent stofnfé %	3,4	2,8	3,9
Hlutfall aðfenginnar fjármögnunar nettó %	49,7	45,8	41,6
Hlutfall aðfenginnar fjármögnunar brúttó %	65,9	64,5	59,7

Eins og í tilviki opinberra framkvæmda hér að ofan virðast nettóhlutföllin fremur há, þ.e. um 70—75% af samvegnu hlutfalli aðfenginnar brúttófjármögnunar atvinnuvega og íbúðabygginga. Mun þetta háa hlutfall m.a. skýrast af því hve mjög afborganir rýrna að gildi í verðbólguþróun. Bæði hlutföllin sýna áberandi lækkun milli árana og stafar það einkum af lækkuðu lánsahlutfalli atvinnuveganna, er samkvæmt hlutfalli fjármunamyndunar mun vega nálægt tveim þriðju. Nettóhlutfallið lækkar þó mun meira og bendir það til hlutfallslegrar þyngingar afborgana.

Hér fer á eftir heildaryfirlit yfir lánsfjármögnun fjármunamyndunar á brúttógrundvelli.

Lánsfjármögnun fjármunamyndunar

	1977	1978	1979
Fjármunamyndun alls:	103 750	145 900	182 237
Atvinnuvegir	44 430	66 730	79 300
Íbúðabyggingar	22 020	32 570	43 640
Opinberar framkvæmdir	37 300	46 600	59 297
Lánsfjármögnun:			
I Atvinnuvegir:	24 142	34 159	34 047
Fjárfestingarlánasjóðir	12 686	18 534	22 424
Erlendar lántökur	10 795	14 555	10 935
Fjárfestingarlán, brúttó	23 481	33 089	33 359
Ríki, nettó	641	1 040	648
Lífeyrissjóðir, nettó	20	30	40
(+Fjármagnstílfærslur frá ríki	1 227	1 537	1 766)
(+Stofnfjármagn frá útlöndum	1 030	1 200	3 000)
(= Aðfengin fjármögnun, alls	26 399	36 896	38 813)

II Íbúðabyggingar:	17 396	27 103	34 610
Fjárfestingarlánasjóðir	6 557	9 711	12 925
Lífeyrissjóðir	8 024	12 369	16 685
Fjárfestingarlán, brúttó	14 581	22 080	29 610
Innlánsstofnanir, nettó	2 815	5 023	5 000
III Opinberar framkvæmdir:	21 798	29 618	31 662
Bein lánsfjármögnun	18 972	26 199	27 760
Fjárfestingarlánasjóðir	(1 781)	2 080	3 522
	20 753	28 279	31 282
Fjárfestingarlán, brúttó	20 753	28 279	31 282
Ríkið (sjóðir) til sveitarfélaga, nettó	1 045	1 339	380
Samtals:			
Fjárfestingarlán, brúttó	58 815	83 448	94 251
Lánsfjármögnun, alls	63 336	90 880	100 319
Aðfengin fjármögnun, alls	65 593	93 617	105 085
Hlutföll af fjármunamyndun %:			
Fjármunamyndun, alls:			
Fjárfestingarlán, brúttó	56,7	57,2	51,7
Lánsfjármögnun, alls	61,0	62,3	55,0
Aðfengin fjármögnun, alls	63,2	64,2	57,7
Atvinnuvegir:			
Fjárfestingarlán, brúttó	52,8	49,6	42,1
Lánsfjármögnun, alls	54,3	51,2	42,9
Aðfengin fjármögnun, alls	59,4	55,3	48,9
Íbúðabyggingar:			
Fjárfestingarlán, brúttó	66,2	67,8	67,9
Lánsfjármögnun, alls	79,0	83,2	79,3
Opinberar framkvæmdir:			
Fjárfestingarlán, brúttó	55,6	60,7	52,8
Lánsfjármögnun, alls	58,4	63,6	53,4

X

Töfluviðauki

I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárför

- Tafla 1 Raforku- og rafveituf framkvæmdir
- Tafla 2 Hita- og vatnsveituf framkvæmdir
- Tafla 3 Samgönguf framkvæmdir
- Tafla 4 Opinberar byggingar og lánsfjáröflun til sérstakra verkefna
- Tafla 5 Lánsfjárför opinberra aðila og fjármögnun hennar 1977—1979
- Tafla 6 Almennar framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins 1979
- Tafla 7 Framkvæmdir við byggðalínur 1979
- Tafla 8 Framkvæmdir Orkubús Vestfjarða 1979

II Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

- Tafla 9 Útlán fjárfestingarlánasjóða 1977—1979
- Tafla 10 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Lánsfjáráætlun 1979
- Tafla 11 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Bráðabirgðayfirlit 1978

- Tafla 12 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða:
Greiðslufirlit 1977
- Tafla 13 Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða 1977—1979

III Peningamál

- Tafla 14 Bankakerfið 1977—1979
- Tafla 15 Seðlabankinn 1977—1979
- Tafla 16 Innlánsstofnanir 1976—1979

IV Erlend lán og greiðslujöfnuður

- Tafla 17 Löng erlend lán flokkuð eftir notendum
- Tafla 18 Greiðslujöfnuður við útlönd

V Lánsfjármarkaðurinn

